

**SARA MARTI GUÐMUNDSÓTTIR**  
Reynir eftir bestu getu að fylla fataherbergið

• heimili  
**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**



**FASTEIGNIR**  
Björt stofa og svalir til suðausturs

Sérblað um fasteignir  
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**HÖRÐUR TORFASON**  
Slapp naumlega úr morðtilraun

Krassandi ævisaga á leiðinni  
**FÓLK 26**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. október 2008 – 287. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



**Á réttri hillu í lífinu**

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, er fimmtugur í dag.

**TÍMAMÓT 16**

## Leigusalinn stakk af

Halla Vilhjálms er enn heimilislaus í London. Leigusalinn flúði land og stal tryggingarfé hennar.

**FÓLK 26**



## Reiðareksstefnan

„Þetta er „heldur-þann-versta-en-næstbesta“-syndrómið sem stjórnmálasagan geymir ýmis dæmi um“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

**Í DAG 14**




## Frábær sigur

Haukar lögðu eitt sterkasta handboltalið heims að velli á Ásvöllum í gær.


**ÍÞRÓTTIR 22**

## VEÐRIÐ Í DAG



**HVASST** Í dag verða norðan 10-20 m/s, hvassast með ströndum og austan til. Snjóköma eða él norðan til og austan en yfirleitt bjart með köflum syðra og úrkomulaust. Híti 0-5 stig að deginum, mildast syðst.

**VEÐUR 4**



# Orkusölusamningur í óvissu

Viljayfirlýsing Landsvirkjunar og Alcoa um raforkusölu vegna álvers á Bakka rennur út eftir tíu daga. Heimildir herma að Alcoa skoði að hverfa frá samkomulagi um skiptingu kostnaðar við tilraunaboranir.

**IBNADARMÁL** Alcoa, eigandi Fjarðaáls, íhugar að taka ekki þátt í kostnaði við tilraunaboranir við Þeistareyki og Kröflu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fari svo er bygging álvers á Bakka í uppnámi. Forsvarsmenn Alcoa á Íslandi og Landsvirkjunar segja samningaviðræður í fullum gangi um raforkusölu og hafna því að álrisinn hafi gefið í skyn að hugsanlega verði hætt við að taka þátt í kostnaði við boranirnar.

Samningaviðræður standa yfir á milli Landsvirkjunar og Alcoa um raforkusölu og Landsnets um orkuflutning. Viljayfirlýsing gerir ráð fyrir að niðurstaða verði fengin ekki seinna en um mánaða-

mót. Heimildir Fréttablaðsins herma að snuðra sé hlaupin á þráðinn vegna þess að Alcoa íhugi að taka ekki þátt í kostnaði við tilraunaboranir við Þeistareyki og Kröflu.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, býst við að Alcoa skili sínum hugmyndum á allra næstu dögum. „Ég get ekki staðfest að þeir hyggest draga sig út úr samkomulagi um dreifingu kostnaðar við tilraunaboranir. En það gildir um Alcoa eins og öll önnur fyrirtæki að menn reyna að hægja á sér í þessu ástandi sem nú er.“

Friðrik segir að viljayfirlýsing um raforkusölu hafi verið fram-

lengd til næstu mánaðamóta, en hafi upphaflega átt að liggja fyrir í september. „Í yfirlýsingunni felst að við þurfum að fá niðurstöðu fyrir þann tíma, því annars dettur samkomulagið úr gildi.“

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, tekur í sama streng. „Við erum einfaldlega að vinna saman að þessum samningi og kostnaðardreifing við boranir er eitt atriði af mörgum.“ Tómas segir að áform Alcoa um að reisa álver á Bakka standi óbreytt.

Samkomulag um kostnaðardreifingu (cost sharing agreement) snýst um að sá sem muni nýta orku frá virkjunum sem verða byggðar fyrir norðan taki þátt í

kostnaði við rannsóknir, gegn skilmálum um endurgreiðslu síðar. Slíkt samkomulag var í gildi á milli framkvæmdaáðila vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Alcoa, sem er stærsti álframleiðandi Bandaríkjanna, ætlar að skera niður framleiðslu vegna minnkandi eftirspurnar og verðlækkunar á áli af völdum efna-hagsþrenginga í heiminum. Hagnaður Alcoa á þriðja ársfjórðungi minnkaði um 52 prósent. Gert er ráð fyrir að mun rólegra verði á álmarkaði en undanfarin ár, allt fram til ársins 2010. Verð á áli hefur fallið um á fjórða tug prósent á síðutu tveimur mánuðum.

- shá



**BOÐIN VELKOMIN HEIM** Móttökurnar voru svo tilfinningaþrungnar þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, gekk inn á flokksfund í gær að hún komst við. Ingibjörg Sólrún þakkaði kveðjur og hlýjar móttökur. Rannveig Guðmundsdóttir afhenti blómvönd og íslenskt konfekt og bauð hana velkomna heim. **Sjá síðu 2**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Dálkahöfundur The New York Times um Ísland og alþjóðlegu fjármálakreppuna:

## Kjarni hnattvæðingarinnar

**EFNAHAGSMÁL** „Hver vissi að Ísland væri bara vogunarsjóður með jöklum?“ Svona byrjar Thomas L. Friedman, þekktur dálkahöfundur New York Times, pistil sem hann birti um helgina undir yfirskriftinni „The great Icelandic meltdown“, eða „Hið mikla hrun Íslands“.

Í pistlinum rekur Friedman útrás íslensku bankanna frá því þeir voru einkavæddir og hvernig fór fyrir þeim þegar sá alþjóðlegi milli-bankalánamarkaður sem þeir höfðu gert út á lokaðist og hvaða afleið-

ingar þrot íslensku bankanna hefur haft á þá aðila í Bretlandi sem geymdu fé á hávaxtanetrekningum þeirra.

„Íhugið þetta: Einhver fasteignalánabráskari í Los Angeles veitir undirmáls-„lygalán“ til fólks sem ekki hefur neitt lánstraust svo að það geti keypt sér húsnæði í Suður-Kaliforníu. Þessi vafasömu fasteignalán eru síðan hnattvædd í gegnum hið alþjóðlega bankakerfi og, þegar þau fúlna, verða þau til þess að bankar hætta að lána hver

öðrum, hræddir um að eignir annarra banka séu eittraðar líka. Lánsfjárrakreppan skellur á Íslandi, sem hafði farið á sitt eigið lánafylliri. Á meðan hafði lögreglan á Norðimbralandi á Englandi sett afgangsrækstrarfé sitt inn á íslenskan bankareikning og núna, þegar þessir reikningar hafa verið frystir, verður hún að draga úr eftirliti í umdæminu um helgina. Hér sést kjarnasannleikur hnattvæðingarinnar: Við erum öll tengd og enginn hefur stjórn á neinu.“

- aa

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

## Viðræður eru langt komnar

**EFNAHAGSMÁL** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að vinnan með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, IMF, hafi verið komin svo langt í gær að farið var yfir skilyrði, kosti og galla, og hvernig hugsanlegt samkomulag myndi líta út.

„Við erum á því að það verði að skoða til hins ítrasta hvort þetta sé ekki leiðin út úr vandræðunum að hluta til, í sátt við alþjóðasamfélagið, og ég er á þeirri skoðun að við þurfum að klára það hratt og vel,“ sagði hann eftir flokksfund Samfylkingarinnar á Grand hóteli í Reykjavík í gær.

Sex ráðherrar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar voru á nánast stöðugum fundum í gær og var fjallað um viðræðurnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Björgvin sagði að það mál yrði klárað á næstunni, jafnvel í dag, en það ætti þó eftir að koma betur í ljós.

- ghs/sjá síðu 4

**Bestu kaupin í dag** Kafbátur mánaðarins

6 tommu pizzabátur **329 kr.** **SUBWAY**

Gildir í okt. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Kaffirjómi í nýjum umbúðum**

Frábær út í kaffið og til matargerðar.

Geymslupólin mjólkurvara

ms.is

## SPURNING DAGSINS



Dröfn Ösp, er gott slúður í LA?

„Slúðrið í LA er svona la la.“

Slúðurdröttningin Dröfn Ösp Snorráðottir, sem heldur úti slúðurbloggsíðunni DD Unit, flytur til Los Angeles í janúar og býst við að starfrækja síðuna áfram.



REYKJANESBRAUT Kristján L. Möller samgönguráðherra opnaði tvöfaldaða Rekjanesbraut í gær. MYND/VIKURFRÉTTIR

Tvöföldun Reykjanesbrautar:

## Ný Reykjanesbraut opnuð

**SAMGÖNGUMÁL** Samgönguráðherra, Kristján L. Möller, opnaði í gær tvöfalda Reykjanesbraut frá Hafnarfirði að Njarðvík en það er seinni kafli tvöföldunarinnar.

Lokið var við fyrri hlutann, frá Hvassahrauni á Strandaheiði, í október 2004. Áætlaður kostnaður við þann hluta er tæpir 1,2 milljarðar króna. Seinni hlutinn, sem opnaður var í gær var boðinn út í september 2005 og féll það í hlut Jarðvéla hf. að vinna verkið. Það fyrirtæki sagði sig hins vegar frá verkinu og var samið við Ístak hf. um byggingu nýju akbrautarinnar en við Eykt hf. um smíði brúa. Kostnaður við seinni hlutann er áætlaður 2,5 milljarðar. Í tilkynningu frá Vegagerðinni segir að verkið hafi gengið vel sem sjáist á því að umferð sé hleypt á báðar akreinar hálfum mánuði á undan áætlun. - ovd

### TÉKKLAND

#### Stórsigur jafnaðarmanna

Jafnaðarmenn í Tékklandi unnu mikinn sigur í kosningum til héraðsstjórnna og öldungadeildar Tékklandsþings um helgina. Jafnaðarmannaflokkurinn fékk mest fylgi í öllum þrettán héruðum landsins. Í síðustu kosningum árið 2004 unnu íhaldsmenn í tólf af héruðunum þrettán. Koskið var nú í þriðjung sæta í öldungadeild þingsins. Koskið verður milli efstu frambjóðenda í úrslitumferð um næstu helgi.

Níu karlmenn réðust á tvo lögreglumenn í Hraunbænum um helgina:

## Skurður á höfði og áverkar

**LÖGREGLUMÁL** Níu karlmenn réðust á tvo lögreglumenn í Hraunbænum í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Tilkynnt hafði verið um hávaða í húsinu og komu lögreglumennirnir á staðinn skömmu eftir klukkan eitt um nóttina. Þeir báðu húsráðanda að minnka hávaðann svo að nágrenninn fengi frið.

Þegar lögreglumennirnir voru búnir að koma skilaboðunum á framfæri og voru í þann veginn að yfirgefa húsið stökk hópur af karlmönnum út úr íbúðinni og réðst á lögreglumennina. Lögreglumennirnir meiddust í átökunum, annar hlaut skurð á höfði

og hinn er með áverka. Farið var með þá á slysadeild.

Árásarmennirnir yfirgáfu strax vettvanginn á tveimur bílum en lögreglumennirnir höfðu ýtt á neyðarhnapp á talstöð og kom allt tiltækt lið þeim til aðstoðar skömmu síðar. Átján lögreglumenn leituðu að árásumönnum í nótt og voru sjö þeirra handteknir víðs vegar um bæinn í fyrri nótt og sá áttundi í gær en síðasta mannsins var enn leitað í gærkvöld.

Mennirnir voru í haldi lögreglu í gær og voru yfirheyrðir, meðal annars til að finna þá tvo sem eftir átti að handtaka. - ghs



RÁÐIST Á LÖGREGLU Í vor réðist Ágúst Fylkisson á lögreglumann í tengslum við mótmæli vörubílstjóra.

Vesturberg í Reykjavík:

## Eldur kviknaði í fjölbýlishúsi

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kviknaði á jarðhæð fjölbýlishúss að Vesturbergi 100 í Reykjavík í fyrri nótt. Reykskynjari á stigagangi vakti íbúana og sluppu þeir allir ómeiddir út um svalir hússins en ekki var hægt að komast um stigaganginn vegna reyks.

Talið er að kveikt hafi verið í í hjólageymslu á jarðhæðinni en lögreglan rannsakaði vettvanginn í gær. Dekk voru í geymslunni og var eldurinn mikill sem og reykurinn.

Eldurinn var tilkynntur um hálfjögur og var slökkviliðið komið á staðinn nokkrum mínútum síðar. - ghs

# Á smábrekku eftir og kemst svo á fullt

Formaður Samfylkingarinnar táraðist þegar tekið var á móti henni með lófa-klaippi á flokksfundum í gær. Iðnaðarráðherra sagði samráðið við hana hafa verið daglegt. Ásmundur Stefánsson sé valdamikill í starfinu og geti tekið í taumana.

**STJÓRNMÁL** Dynjandi lófaklapp mætti Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, þegar hún gekk inn á flokksfund Samfylkingarinnar í gær. Loftið var svo tilfinningaþrungið að formaðurinn táraðist. Ingibjörg Sólrún á eftir aðgerð, „smábrekku“, í vikunni en vonast til að koma fljótlega til fullra starfa.

„Þetta er gleðidagur fyrir okkur öll í Samfylkingunni vegna þess að formaðurinn okkar er komin heim heil á húfi. Ingibjörg Sólrún, ég býð þig hjartanlega velkomna heim,“ sagði Rannveig Guðmundsdóttir, fyrrverandi félagsmálaráðherra, og afhenti henni blómvið.

„Ég átti ekki von á því að ég myndi beygja af þegar ég gekk inn í salinn en það er svo sterk tilfinning að ganga hér í þennan góða hóp af vinum og félögum hafandi fengið þær góðu kveðjur frá ykkur á undanförunum vikum að ég réð ekki við hana. Ég tel mig ekki manneskju að minni,“ sagði Ingibjörg Sólrún.

Hún rifjaði upp að hún hefði nánast verið lostin eldingu fyrir mánuði síðan meðan maður sinn hafi verið í Kína. „Hann skynjaði að eitthvað var ekki í lagi en síst af öllu datt honum í hug að eitthvað væri að mér,“ sagði hún.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra fór yfir starf ráðherranna síðustu vikur og sagðist aldrei hafa gengið til náða án þess að hringja í hana. „Allt sem við höfum gert höfum við gert í samráði við hana,“ sagði hann.

Össur sagði að ráðherrar Samfylkingarinnar hefðu rætt saman



IÐNAÐARRÁÐHERRA Á fundinum fór Össur Skarphéðinsson yfir starf ráðherranna síðustu vikur. Hann sagðist aldrei hafa gengið til náða án þess að hringja í Ingibjörgu Sólrúnu. „Allt sem við höfum gert höfum við gert í samráði við hana,“ sagði Össur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Ég átti ekki von á því að ég myndi beygja af þegar ég gekk inn í salinn en það er svo sterk tilfinning að ganga hér í þennan góða hóp af vinum ...

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR  
FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

nánast daglega um þróunina. Frá upphafi hafi þeir í samráði við formanninn kveðið til sín hópa sérfræðinga til stuðnings, sérvalinn hóp hagfræðinga undir forystu Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra Samfylkingarinnar, og hóp sérfræðinga úr kerfinu. Ríkis-

stjórnin hafi líka sett upp ákveðið skipulag þar sem fjórir ráðherrar hafi verið í nokkurs konar neyðarstjórn.

„Undir hefur verið hópur sérfræðinga, fulltrúar ýmissa stofnana. Að ráði erlendis sérfræðifyrirtækis er síðan einn maður sem hefur kannski ekki allsherjarvald en hann hefur mikið vald og það er Ásmundur Stefánsson sem er tengiliður milli okkar og þessa hóps. Hann hefur umboð okkar til að fara í hvaða stofnun sem er til að skoða málin, bera okkur upplýsingar og til þess að taka í taumana og láta okkur vita um skjótar ákvarðanir sem þarf að taka,“ sagði Össur. ghs@frettabladid.is

Líkamsárás á Sauðárkróki:

## Beit í finger lögreglumanns

**LÖGREGLUMÁL** Maður um tvítugt var handtekinn fyrir utan skemmtistaðinn Mælifell á Sauðárkróki í fyrri nótt fyrir að ráðast á annan mann og taka hann kæfingarhálstaki þannig að fórnarlambið var meðvitundarlaust á eftir.

Árásarmaðurinn var færður inn í lögreglubíl þar sem hann fór skyndilega að berjast um og náði að bita í finger á lögreglumanni. Svo vel vildi til að lögreglumaðurinn var í leðurhönskum því annars hefði puttin líklega farið í sundur.

Fingurinn er bæði brotinn og illa farinn og má búast við að lögreglumaðurinn verði frá vinnu um tíma.

Lögreglumaðurinn og fórnarlamb árásumannsins voru flutt til aðhlyningar á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks. - ghs

Björn Bjarnason í Mannamáli:

## Kosningar kannski fyrir

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir koma til greina að gengið verði til kosninga fyrir lok kjörtímabilsins. Með því gæti þjóðin kvatt upp dóm yfir stjórnmálamönnum vegna stöðu efnahagsmála hér á landi. Þetta kom fram í viðtali í Mannamáli á Stöð 2 í gærkvöldi.

Björn sér ekki nauðsyn þess að endurskoða stjórnarsáttmálan. Hann segir koma til greina að frýja bankastarfsmenn lögsókn fyrir upplýsingar um ólögmæta starfsemi sem þar hefði hugsanlega farið fram. Hann segist ekki andvígur stóra Rússaláninu.

Björn segir óvíst hvort hann bjóði sig fram til áframhaldandi setu á Alþingi. - ghs

Röð leiðtogafunda áformuð um endurskoðun fjármálakerfis heimsins:

## Fundað í skugga Wall Street

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti mun bjóða völdum leiðtogum heims til fundaraðar um viðbrögð við alþjóðlegu fjármálakreppunni. Þetta var ákveðið eftir fund Bush með Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, sem er í forsæti Evrópusambandsins þetta misserið, og José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, í Camp David í Maryland um helgina.

Bush, sem sjálfur á aðeins þrjú mánuði eftir í embætti, varaði þó strax við því að farið yrði út í aðgerðir í nafni endurbóta á hinu hnattvædda hagkerfi, sem væru til þess fallnar að grafa undan kapitalismanum.

„Við munum vinna að því að styrkja og nútímavæða fjármálakerfi landa okkar þannig að við getum hjálpað til við að tryggja að önnur eins kreppa endurtaki sig ekki,“ sagði Bush. Hann nefndi ekki hvenær eða hvar fyrsti fundurinn færi fram. En Sarkozy sagði að hann yrði haldinn „í skugga Wall Street“ fyrir lok nóvember.

„Þar sem fjármálakreppan hófst í New York er eðlilegt að hin hnattræna lausn á vandanum verði fundin í New York,“ sagði Sarkozy.



TAKA SAMAN HÖNDUM Bush, Sarkozy og Barroso ávarpa fréttamenn eftir fundinn í Camp David. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Nú þegar er vísað til Bretton Woods-viðræðanna, sem settu rammann fyrir endurreisn alþjóðahagkerfisins eftir síðari heimsstyrjöld, sem einn konar fyrirmyndar fyrir hina væntanlegu leiðtogafundi. - aa

Hef opnað lækningastofu í Uppsölum Kringlunni

sinni meðal annars bakverkjum og taugaklemmum

Tímappantannir í síma 568 68 11

Garðar Guðmundsson  
Heila- og taugaskurðlæknir  
gardar.upsalir@gmail.com



# Horfðu á sjónvarpið í Veröld Nova!

Veröld Nova er einkaskemmtistaður viðskiptavina Nova. Þar getur þú fylgst með fréttunum á mbl.is, Stöð 2, Rúv og CNN. Þú getur einnig horft á myndskaið úr Ríkinu, Dagvaktinni, Næturvaktinni og öllum þessum vöktum. Upplifðu Veröld Nova!  
Símatilboð Nova gilda í áskrift og frelsi. **Skiptu núna!**

 **VERÖLD NOVA** *Nýtt!*

**Netið í símann  
frítt til 1. jan!**

**Sony Ericsson G502**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



**Nokia 5320 ExpressMusic**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

**0 kr. Nova  
í Nova!**

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

**NOVA**

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,42	112,96
Sterlingspund	194,45	195,39
Evra	150,58	151,42
Dönsk króna	20,202	20,32
Norsk króna	16,878	16,978
Sænsk króna	14,939	15,027
Japanskt jen	1,1134	1,12
SDR	170,77	171,79

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
201,1017  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Frambjóðandanum Barack Obama berast stuðningsyfirlýsingar úr ýmsum áttum:

# Colin Powell tekur af skarið

**BANDARÍKIN, AP** Colin Powell, repúblikani sem var utanríkisráðherra í ríkisstjórn George W. Bush forseta á fyrra kjörtímabili hans, lýsti í gær yfir stuðningi við Barack Obama, forsetaframbjóðanda demókrata, og gagnrýndi tóninn í kosningabaráttu repúblikanans Johns McCain.

„Ég tel að við þurfum á manni að halda sem stendur fyrir algera umbreytingu. Ég tel okkur þurfa á forseta að halda sem stendur fyrir nýja kynslóð og þess vegna styð ég Barack Obama, ekki vegna nokkurs skorts á virðingu fyrir eða velvilja í garð Johns McCain,“ sagði Powell í viðtali á



**STYBUR OBAMA** Powell í viðtalinu á NBC-sjónvarpsstöðinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NBC-sjónvarpsstöðinni í gær. Powell, sem var fyrsti blökkumaðurinn sem gegndi stöðu forseta bandaríska herráðsins, var sjálfur á tímabili líklegur til að eiga möguleika á útnefningu í forsetaframbjóð. Hann hafnaði því sjálfur að gefa kost á sér.

Af kosningabaráttunni vestra bar það annars hæst í fréttum um helgina að Obama hefði slegið ný met í að safna fé í kosningasjóði. Einvörðungu í septembermánuði söfnuðust í sjóði framboðs hans 150 milljónir dala, andvirði um 16 milljarða króna samkvæmt síðasta skráða gengi. Nú eru þrjár vikur uns Bandaríkjamenn ganga bæði til forseta- og þingkosninga.

Bodø í Noregi:

## Íslendingur féll í höfnina

**NOREGUR** Drukkinn Íslendingur reyndi að komast um borð í skip í höfninni í Bodø í Noregi um helgina og var lögregla kölluð til. Þegar hún mætti á staðinn hafði Íslendingurinn slegið manninn, sem hafði hringt á lögregluna, og meðan lögreglan ræddi við hann sló hann manninn aftur.

Íslendingurinn var svo drukkinn að skömmu síðar féll hann í höfnina – án hjálpar frá öðrum, að sögn norska blaðsins Avisa Nordland. Honum var að sjálfsgöngu hjálpað upp úr sjónum og farið með hann á neyðarmótökuna á Nordlands-sjúkrahúsinu í Noregi. - ghs

Átökin í Kákasus:

## Hætta sögð á að vopnin tali á ný

**GEORGÍA, AP** Lögregla í georgíska aðskilnaðarhéraðinu Suður-Ossetíu hefur fengið fyrirmæli um að skjóta á móti ef á hana er skotið. Tilskipunin þykir til þess fallin að auka líkur á að vopnuð átök brjótist þar út á ný.

Yfirmaður lögregluhlíðs Suður-Ossetíu gaf út þessa tilskipun um helgina í kjölfar þess að eftirlitsstöð lögreglu nærri þorpinu Nikozi, þar sem íbúar eru enn georgískir, varð fyrir skotárás. Starfandi innanríkisráðherra aðskilnaðarstjórnar Suður-Ossetíu, Mikhaíl Mindzajev, sagði engan hafa sakað, en árásin hafi verið vísitandi ögrun af hálfu georgískra hermanna. - aa

Samningar Kína og Pakistans:

## Sátt um kjarnorkuaðstoð

**PAKISTAN, AP** Kínastjórn hefur aflað sér nýs bandamanns með því að heita Pákistanstjórn aðstoð við



ASIF ALI ZARDARI

ad koma upp tveimur nýjum kjarnorkuverum í landinu. Aðeins fáeinir vikur eru síðan Indverjar, höfuðkeppinautar Pakistana, undirrituðu samning um kjarnorkusamvinnu við Bandaríkjamenn.

Samkomulagið við Kínverja kemur til er alvarlegir breistir eru komnir í hryðjuverkavarnabandalag Pakistana við Bandaríkjamenn. Samkomulagið er liður í marghátuðum samningum um efnahags-samstarf sem undirritaðir voru í ferð pakistanska forsætisráðherra Asif Ali Zardari til Peking í síðustu viku, að því er utanríkisráðherrann Shah Mahmood Qureshi greindi frá.



**RÁÐHERRA Í ÚTVARPSVIÐTALI** Ráðherrar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins funduðu með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í gær og var meðal annars fjallað um skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Við erum að fara yfir heildarmyndina,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra eftir fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Von á niðurstöðum um aðstoð frá gjaldeyrissjóðnum

Vonast er til að í dag verði kynnt hvort af aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði. Í gær var verið að fara yfir skilyrði og útlit samkomulags. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir málið langt komið.

**EFNAHAGSMÁL** Vonir standa til að hægt verði að kynna í dag skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og samkomulag við íslensk stjórnvöld. „Þetta er komið þá langt að við erum að fara yfir skilyrði, kosti og galla og hvernig þetta myndi líta út,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um viðræðurnar við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, IMF.

„Við erum á því að það verði að skoða til hins ýtrasta hvort þetta sé ekki leiðin út úr vandræðunum að hluta til, í sátt við alþjóðasamfélagið, og ég er á þeirri skoðun að við þurfum að klára

það hratt og vel,“ sagði hann.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar funduðu með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og svo funduðu sex ráðherrar ríkisstjórnarinnar með ráðgjöfum sínum í gær. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði að von væri á niðurstöðum fljótlega og að þær yrðu kynntar von bráðar. Hann hafnaði því að auðlindir þjóðarinnar yrðu veðsettar.

„Við erum að ráða ráðum okkar og fara yfir stöðuna,“ sagði Björgvin og taldi öruggt að engar stórar ákvarðanir yrðu teknar í gærkvöld.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði eftir fundinn að reynt væri að nota tímann vel. Formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, væri komin til starfa og farin að setja sig inn í þróunina en hann og Ingibjörg Sólrún áttu fund með Árna Mathiesen fjármálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra og Björgvin G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra.

„Við erum að fara yfir heildarmyndina og svo eru aðrir að vinna að sínu, hver á sínum stað og svo eru skilanefndir og ýmsir hópar

sem hafa verið að vinna. Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari er kominn með okkur í þetta og er fulltrúi minn,“ sagði Geir eftir fundinn.

„Við erum að fara yfir það allt í heild sinni,“ sagði hann um það hvort skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefðu verið kynnt fyrir ráðherrunum í gær. „Þeir eru að vinna sína vinnu og okkar fólk er að vinna sína vinnu. Engin ákvörðun hefur verið tekin og verður ekki tekin í dag,“ sagði Geir.

Hann sagði enga bresti í ríkisstjórnarsamstarfinu.

ghs@frettabladid.is

Olís er leyfishafi Quiznos á Íslandi.

# 12 STAÐIR

OLÍS ÁLFHEIUMUM, OLÍS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRÐUM, OLÍS MJÓDD, OLÍS NORÐLINGAHLTI, NÝBYLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI

Quiznos SUB

## VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VETUR Í KORTUNUM** Þetta er ekkert annað en vetur. Stífur af norðri og hiti um eða yfir frostmarki. Á morgun verða leifar af stífri norðanált norðaustan og austan til með hita mjög nálægt frostmarki. Lítið eitt hlýnar sunnan til á landinu á miðvikudag í hægri suðlægri átt með vætu syðra en fyrir norðan og austan verður þurr og bjart með köflum.

**Á MORGUN** 15-20 m/s austast á landinu annars mun hægari

**MIÐVIKUDAGUR** 3 Hæg suðlæg eða breytileg átt

**HEIMURINN**

Alicante	24°
Amsterdam	17°
Basel	21°
Berlín	16°
Billund	14°
Eindhoven	17°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	25°
London	18°
New York	17°
Orlando	27°
Osló	13°
París	18°
Róm	23°
Stokkholmur	12°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# ALÞJÓÐLEGUR BEINVERNDARDAGUR

Kvinnalandsliðið í fótbolta skipa stelpur með sterk bein. Það staðfesta nýlegar mælingar á beinþéttni landsliðskvenna. Hjá þeim reyndist beinþéttni langt yfir meðallagi og má ætla að landsliðskonur hafi 24% þéttari bein en jafnöldur þeirra.

Fótbolta fylgja hlaup og stökk sem örva og styrkja beinin. Það er því Beinvernd fagnaðarefni að fleiri og fleiri stúlkur iðka nú knattspyrnu. En stúlkur jafnt sem konur á öllum aldri geta auðveldlega skipað sér í landslið gegn beinþynningu.

*Rétt hreyfing, kalkrík fæða, t.d. mjólkurvörur, auk D-vítamíns — það er beina leiðin í landsliðið, beina leiðin til sigra í framtíðinni.*

Kalk við hæfi  
-alla ævi!

**BEINVA  
LEIÐ TIL SIGURS  
BEINVA  
LEIÐ Á EM**

Íslenska kvinnalandsliðið í fótbolta mætir Írlandi í tveimur umspilsleikjum um sæti á EM 2009. Fyrri leikurinn fer fram í Dublin 26. október en sá síðari á Laugardalsvelli fimmtudaginn 30. október.

*Mætum og hvetjum stelpur með sterk bein til sigurs*



BEINVERND

## KJÖRKASSINN



Átt þú fé í peningamarkaðssjóð-  
um bankanna?

JÁ	31,2%
NEI	68,8%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú hætt við utanlands-  
ferð vegna kreppunnar?

Segðu skoðun þína á visir.is



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Náttúra, nýtt  
lag Bjarkar, var frumflutt í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjölmenni á fundi Bjarkar:

## Samdi lag gegn hömluleysi og hroka

**UMHVERFISMÁL** Fjölmenni sótti  
vinnufund sem Björk Guðmunds-  
dóttir tónlistarmaður og aðstand-  
endur síðunnar náttúra.info boð-  
uðu til í Háskólanum í Reykjavík  
í gær. Á fundinum var rætt um  
framfararmöguleika Íslands,  
hvernig nýsköpun getur komið í  
stað orkufreks iðnaðar.

Þá kynntu fyrirtækin Iceland  
Spa, Orf líftækni og Geo-Chem  
starfsemi sína. Björk sagði að hug-  
myndir Geo-Chem byggðust á nýt-  
ingu brennisteins sem til félli við  
Hellisheiðarvirkjun til framleiðslu  
þörunga. Slíkt verkefni gæti skap-  
að allt að 400 vel launuð störf fyrir  
vel menntað fólk. Nýtt lag Bjarkar,  
Náttúra, var frumflutt á fundin-  
um en lagið segir hún sérstaklega  
samið til að hvetja til annarrar  
afstöðu til náttúruauðlindanna en  
þeirrar sem er byggð á hömluleysi  
og hroka. Lagið er selt á vefnum  
nattura.info

- ovd

## KÍNA

### Varaborgarstjóri dæmdur

Liu Zihua, fyrrverandi aðstoðarborg-  
arstjóri Pekingborgar, sem hafði yfir-  
umsjón með byggingarframkvæmd-  
um vegna Ólympíuleikanna í borginni,  
hefur verið dæmdur til dauða fyrir  
spillingu. Fullnustu dómsins verður  
þó frestað og honum breytt í ávilangt  
fangelsi eftir tvö ár, ef hinn dæmdi  
sýnir góða hegðun í varðhaldinu.

Sjálfsprottinn hópur vinnur að aðgerðaáætlun um bætta ímynd Íslands í Bretlandi:

## Ætla að svara árásum Gordons Brown

**UTANRÍKISMÁL** „Við höfum áhyggjur af álitu  
bresks almennings á Íslendingum,“ segir  
Ólafur Elíasson, tónlistarmaður og einn  
aðstandenda aðgerðaáætlunar um bætta  
ímynd Íslands í Bretlandi.

Ólafur segir hópinn algerlega sjálfsprottinn  
en hann samanstandi af fólki sem lært hefur  
eða búið í Bretlandi.

Hann segir að Íslendingum hafi mistekist að  
svara árás Gordons Brown og breskra  
stjórnvalda á ímynd Íslands. Í smíðum sé  
aðgerðaáætlun í þremur þáttum.

Fyrst er ætlunin að safna undirskriftum  
sem flestra Íslendinga. Þar verður fólki boðið  
að undirrita ávarp til bresku þjóðarinnar sem  
líklegt sé til að vekja samúð með málstað  
Íslands hjá Bretum. Hann segir að félagsam-  
tök verði virkjuð til að safna undirskriftunum

auk þess sem unnið er að uppsetningu vefsíðu.

Í annan stað er ætlunin að skrifa greinar í  
bresk blöð þar sem sjónarmiðum Íslendinga  
er komið á framfæri. Í þriðja þætti ætlar  
hópurinn að hvetja Íslendinga til að virkja  
tengslanet sín í Bretlandi svo koma megi  
upplýsingum á framfæri.

Ólafur segir mikinn hug í fólki. „Þetta er  
algerlega borgaralegt framtak,“ og bætir við  
að hann vonist til að almenningur á Íslandi  
leggi þessu lið með einum eða öðrum hætti.

- ovd

**FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS** Gordon Brown  
forsætisráðherra og Alistair Darling, fjármálaráðherra  
Bretlands, eru átaldir fyrir árásir sínar á ímynd Íslands.



## Óróamenn í Framsókn vinna flokknum tjón

Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknar, telur ófært að stöðva umræðu um  
Evrópusambandsaðild. Hann telur fráleitt að beita flokknum með eða gegn  
aðild að sambandinu. Óróamenn í flokknum vinni honum vísitandi tjón.

**STJÓRNMÁL** Hart var tekist á um  
Evrópumál á kjördæmisþingi  
Framsóknarfélaganna í Suður-  
kjördæmi sem haldið var í Svarts-  
engi á laugardaginn.

Bjarni Harðarson, þingmaður  
flokksins, lagði þar fram drög að  
ályktun þar sem allri umræðu um  
Evrópumál var slegið á frest.  
Ályktun Bjarna kom í kjölfar þess  
að Evrópusinnar að þinginu kvörtu-  
ðu yfir að  
hvergi væri  
minnst á Evr-  
ópumál í fyrstu  
drögum.



**BIRKIR JÓN  
JÓNSSON**

„Ég vildi að  
kjördæmis-  
þingið tæki  
undir með  
orðum for-  
mannsins að  
umræða um  
Evrópumál  
væri ekki tímabær,“ segir Bjarni  
og bætir við að þetta hafi verið  
hugsað sem traustsyfirlýsing við  
málflutning Guðna Ágústssonar  
að undanförunu.

Eftir nokkrar umræður fór svo  
að setningin um frestun Evrópu-  
umræðunnar var tekin út að til-  
lögu formannsins.

„Ég hef ekki verið hlyntur Evr-  
ópusambandsaðild en ég er  
áhugamaður um umræðuna,“  
segir Bjarni. Hann telur fráleitt  
að andstæðingar aðildar vilji nýta  
sér ástandið til að stöðva alla  
umræðu um hugsanlega aðild  
Íslands að sambandinu. „Ég tel  
jafn fráleitt að menn beiti Fram-  
sóknarflokknum til framdráttar  
annarri hvorri skoðuninni. Reynd-  
ar held ég að það sé mikið af heið-



**BJARNI HARÐARSON** Telur óróamenn í Framsóknarflokknum vísitandi reyna að gera  
flokknum tjón.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

arlegum Evrópusambandsinn-  
um innan Framsóknarflokksins  
sem gera sér mjög vel grein fyrir  
þessu. En það eru þarna, því  
miður, líka menn sem reyna að  
nota sér ágreininginn um Evrópu-  
sambandsmál til að skapa úlfúð  
og tortryggni í kringum núver-  
andi forystu.“

Hann segir marga slíka óró-  
amenn hafa komið inn í flokkinn á  
allra síðustu árum. „Stundum læt  
ég mér detta í hug hvort þeir séu  
að gera þetta vísitandi til að gera  
flokknum tjón og ef það er svo þá  
tel ég að þeim hafi orðið alveg  
ótrúlega ágengt.“

Birkir Jón Jónsson, þingmaður  
Framsóknarflokksins, segir aðild-  
arumræður ekki lausn á þeim  
skammtíamvandamálum sem  
Íslendingar horfist í augu við  
núna. „Hins vegar finnst mér  
mjög brýnt að fá botn í umræð-  
una og það var þess vegna sem ég  
fór fram með þetta mál,“ segir  
Birkir Jón og vísar þar til þingsá-  
lyktunartillögu sinnar um þjóðar-  
atkvæðagreiðslu um aðildarvið-  
ræður. „Við munum halda áfram  
að ræða þessi mál, eins og boðað  
var á miðstjórnarfundinum í  
maí,“ segir Birkir Jón.

olav@frettabladid.is

Icelandair bregst við:

## Enginn þarf að óttast sult

**FERÐAMÁL** Icelandair sá sig knúð  
til að leiðrétta fréttaflutning  
erlendra fjölmiðla, sérstaklega  
þeirra norrænu, um að matar-  
skortur væri yfirvofandi á  
Íslandi.

„Ísland er enn á sínum stað,“  
hafði sænska viðskiptablaðið  
Dagens Industri eftir tilkynningu  
frá fyrirtækinu. Icelandair tók  
fram að kreditkort og debetkort  
væru í fullu gildi. „Ferðamenn  
þurfa ekki heldur að vera  
hræddir um að svelta,“ sagði í  
tilkynningunni.

- ghs



**SAMNINGUR Í HÖFN** Georg Lárusson og  
Thrond Grytting handsala samninginn.

MYND/LHG

Samningur við Norðmenn:

## Samstarf við strandgæslu

**ÖRYGGISMÁL** Georg Lárusson,  
forstjóri Landhelgisgæslunnar, og  
Thrond Grytting, admíráll og  
yfirmaður herafans í Norður-  
Noregi, en undir hann fellur  
strandgæslan, undirrituðu fyrir  
skömmu tvíhliða samkomulag um  
samstarf á sviði strandgæslu,  
öryggismála, leitar og björgunar.

Samkomulagið er á sviði  
sameiginlegra aðgerða vegna  
hugsanlegra mengunarslysa,  
fiskveiðieftirlits, skipta á  
skipaumferðarupplýsingum,  
leitar og björgunar á hafinu og  
ýmissa annarra málefna er  
tengjast verkefnum á sviði  
strandgæslu. Er samningurinn  
sambærilegur þeim sem gerður  
var við Dani 26. apríl 2007.

- shá

Allt að **16,85%** vextir ...

Þeir sem stofna **SPRON Vaxtabót** á Netinu  
fyrir 3. nóvember nk. fá um næstu áramót  
10% vaxtaauka á áunna vexti\*

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og  
stofnaðu reikning á **spron.is**

... **+10%** vaxtaauki!

**spron**  
- bankinn þinn

# ...og lífið heldur áfram



## OPEL CORSA

Árgerð 2002, ekinn 135 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 650.000

Tilboðsverð kr. 399.000



## HONDA PILOT 3.5i

Árgerð 2006, ekinn 27 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.490.000

Tilboðsverð kr. 3.990.000

## TILBOÐ DAGSINS



## HONDA CR-V RVSI

Árgerð 1998, ekinn 218.000km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 530.000

Tilboð dagsins kr. 359.000



## FORD MONDEO TREND 2.0

Árgerð 2006, ekinn 22 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 2.450.000

Tilboðsverð kr. 1.999.000



## ALFA ROMEO 147 H/B BASIS

Árgerð 2002, ekinn 37 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 950.000

Tilboðsverð kr. 699.000



## SUBARU LEGACY SPORT WAGON

Árgerð 2007, ekinn 13 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.600.000

Tilboðsverð kr. 2.999.000



## HYUNDAI SANTA FE V6

Árgerð 2005, ekinn 56 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.450.000

Tilboðsverð kr. 1.890.000



## HONDA CRV ES 2.2i CTDI

Árgerð 2006, ekinn 177 þ.km, dísil, 6 gírar.

Ásett verð 2.390.000

Lækkað verð 1.990.000



## SUBARU FORESTER CS

Árgerð 2006, ekinn 29 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 2.690.000

Tilboðsverð kr. 2.090.000



## FORD FOCUS TREND STATION

Árgerð 2005, ekinn 35 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 1.690.000

Tilboðsverð kr. 990.000



## HYUNDAI GETZ GLS 1600

Árgerð 2004, ekinn 63 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.190.000

Tilboðsverð kr. 890.000



## OPEL ASTRA ENJOY

Árgerð 2005, ekinn 35 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.990.000

Tilboðsverð kr. 1.590.000



## HONDA ACCORD 2.4 EXECUTIVE

Árgerð 2006, ekinn 31 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.540.000



## MAZDA 3 T S/D

Árgerð 2006, ekinn 26 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.190.000



## HONDA JAZZ LS 1,4

Árgerð 2006, ekinn 39 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.790.000



## HONDA CR-V ELEGANCE

Árgerð 2007, ekinn 60 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.430.000



## HONDA CR-V ADVANCE

Árgerð 2003, ekinn 91 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.890.000



## PEUGEOT 206 XT

Árgerð 2005, ekinn 19 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.350.000



## PEUGEOT 307 XR

Árgerð 2006, ekinn 31 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð 1.490.000



## PEUGEOT 407 SW 2,0i M/GLERÞAKI

Árgerð 2007, ekinn 5 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð 3.050.000



## HONDA HRV SMART

Árgerð 2004, ekinn 60 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð 1.290.000



## HONDA ACCORD 2.0 SPORT TOURER

Árgerð 2007, ekinn 19 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.790.000



## TOYOTA RAV-4 4WD

Árgerð 2002, ekinn 52 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.590.000



## VOLVO S40 2.4i

Árgerð 2004, ekinn 55 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.390.000



## TOYOTA COROLLA VVTI 1,6

Árgerð 2006, ekinn 26 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.050.000



## HONDA ACCORD 2.0 SPORT

Árgerð 2007, ekinn 43 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 2.290.000



## HONDA ACCORD 2.0 SPORT

Árgerð 2004, ekinn 82 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.750.000

Opnunartími:

Mánudaga - föstudaga  
milli kl. 10:00 og 18:00  
Laugardaga  
milli kl. 11:00 og 16:00

FRÁBÆR FJÁRMÖGNUN Í BOÐI

**BERNHARD**  
NOTAÐIR BÍLAR

Bílaþjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • www.bernhard.is



## VEISTU SVARID?



1. Hversu miklar skatttekjur fékk ríkið frá stóru bönkunum þremur í fyrra?
2. Hvað heitir kanslaraefni þýska jafnaðarmannaflokksins?
3. Hvað heitir leikarinn sem vegna lungnabólgu missti af frumsýningu Hart í bak?

SÍÐA SVÖR Á SÍÐU 26

## Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands átti rúma þrjá milljarða fyrir um mánuði: Óvissa um stöðu Háskólasjóðsins

**EFNAHAGSMÁL** „Hluti af þessu fé er í peningamarkaðssjóði þannig að við erum í óvissu um hvernig eignin stendur,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, um Háskólasjóð Eimskipafélags Íslands.

Hún staðfestir að innstæða sjóðsins hafi verið 3.250 milljónir króna fyrir um mánuði síðan en of snemmt sé að segja til um hvort fé hafi tapast. Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands var stofnaður árið 1964 til minningar um Vestur-Íslendinga sem hlut áttu í stofnun Eimskipafélagsins. Stofneign sjóðsins voru hlutabréf í Eimskipafélaginu og var sjóðurinn varðveittur í hluta-



KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR

ávöxtunar.

Sjóðurinn veitir styrki til stúdenta í rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Styrkir eru veittir til tveggja eða þriggja ára og því eiga sumir doktorsnem-

bréfum, fyrst í Eimskipafélaginu og síðar Burðarási. Árið 2005 var eignasamsetningusjóðsins breytt, hlutabréf sjóðsins seld og höfuðstóllinn falinn Landsbanka Íslands til fjárvörslu og

ar, sem hafa hlotið úthlutun, eftir að fá greiðslur úr sjóðnum.

Kristín segir í forgangi að standa við fyrri skuldbindingar sjóðsins áður en gengið verði frá nýjum úthlutunum. Allt ferli varðandi nýjar umsóknir sé með eðlilegum hætti en umsóknarfrestur rann út 10. október. Samkvæmt reglum sjóðsins skal úthlutun vera lokið 20. janúar.

„Á meðan við vitum ekki hvað er mikið í sjóðnum vitum við ekki hversu marga nýja styrki við getum veitt en hins vegar munum við leggja allt kapp á að standa við þær skuldbindingar sem hafa verið gefnar,“ segir Kristín. - ovd

## Norðmenn og Rússar: Aukinn kvóti í Barentshafi

**SJÁVARÚTVEGUR** Norðmenn og Rússar hafa komist að samkomulagi um að auka þorskvóta í Barentshafi um 20 prósent frá yfirstandandi ári. Kvótinn verður 525.000 tonn fyrir árið 2009.

Hlutdeild Íslands í leyfilegum heildarafla þorsks er 1,85 prósent, sem svarar til ríflega 9.700 tonna upp úr sjó.

Hins vegar var ákveðið að fylgja tillögum Alþjóðahafsrannsóknaráðsins um 390.000 tonna loðnkvóta. Atle Vartdal, stjórnarmaður í Fiskebat og einn norskur samninganefndarmannanna, segir að traust vísindaleg rök liggi að baki ákvörðuninni. - shá

## Fundarsókn í borgarstjórn: Mætir á annan hvern fund

**SVEITARSTJÓRNIR** Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi hefur aðeins mætt á tvo af fjórum



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

borgarstjórnarfundum frá því nýr meirihluti tók við í Reykjavík í ágúst. Gísli Marteinn sem síðsumars hóf tólf mánaða nám í Skotlandi heldur launum sem borgarfulltrúi þótt hann dvelji erlendis. Í viðtölum í ágúst sagðist hann vel mundu geta sinnt starfi borgarfulltrúa þótt erlendis væri. Hann lofaði að hann myndi vera duglegur að flýga heim til Íslands til að mæta á borgarstjórnarfundum sem eru haldnir á tveggja vikna fresti. - gar

## STJÓRN MÁL

### Hætt við styrki til flokka

Guðríður Arnardóttir, oddviti minnihluta Samfylkingar, dró á síðasta bæjarstjórnarfundum til baka tillögu um að bærinn styrkti stjórnmalaflokka um 20 milljónir króna á næstu tveimur árum. Samkvæmt tillögunni átti að úthluta fénu eftir atkvæðamagni.



**NORRÆNN KOSTUR** Sænska JAS-39 Gripen-orrustubotan keppir við hina bandarísku F-35 „Joint Strike Fighter“. NORDICPHOTOS/AFP

Varnarmál í Noregi:

## Sænska þotan betri kostur

**NOREGUR** Í nýrri skýrslu sem tekin var saman fyrir hönd hagsmunaaðila í norskum iðnaði er mælt með því að norsk yfirvöld velji sænsku þotuna JAS 39 Gripen fram yfir hina bandarísku F-35.

Til stendur að norska stjórnin taki ákvörðun fyrir áramót um hvor kosturinn skuli valinn til að taka við af F-16-orrustubotufloata norska flughersins, sem á að úrelða í áföngum frá árinu 2015.

Í skýrslunni segir að norsk iðnfyrirtæki fengju mun meiri verkefni til sín ef sænska þotan yrði fyrir valinu, að því er Aftenposten greinir frá. Áður hefur komið fram að sænsku þoturnar yrðu mun ódýrari en þær bandarísku. Um er að ræða stærstu fjárfestingu sem norska ríkið ræðst í um áratugaskeið. - aa

# Útgjöldin hækkað um tugi prósent

Útgjöld fjölskyldnanna í landinu hafa hækkað um jafnvel tugi prósent í verstu tilvikum. Sérstaklega setja myntkörfulánin strik í reikninginn. „Í alerfiðustu málum sem við höfum upplifað til margra áratuga,“ segir formaður Eflingar.

**EFNAHAGSMÁL** Heimilisútgjöldin í landinu hafa hækkað verulega á skömmum tíma, í verstu tilfellum um tugi prósent. Ef tekið er dæmi af fimm manna fjölskyldu í Reykjavík hafa rekstrarútgjöld fjölskyldunnar aukist um sextán prósent að meðaltali á einu ári. Þetta er þó misjafnt eftir útgjaldaliðum. Erlendu lánin hafa hækkað langmest.

Fréttablaðið hefur tekið saman dæmi til að varpa ljósi á breytinguna. Miðað er við fimm manna fjölskyldu, hjón með þrjú börn, tvö í leikskóla og eitt í yngri bekkjum grunnskóla, sem býr í 120 fermetra íbúð í fjölbýli með einn bíl. Fjölskyldan skuldar húsnæðis-



SIGURÐUR BESSASON

lán í íslenskum krónum og erlent bílalan. Á heimilinu er hefðbundin internet- og símnottkun og áskrift að Stöð 2.

Mánaðarleg útgjöld þessarar fjölskyldu hafa aukist að meðaltali um sextán prósent, afborganir af bílalan hafa aukist langmest eða um 58 prósent og eldsneytið næstmest eða um 30 prósent. Matvara hefur hækkað um meira en tuttugu prósent og afborganir af húsnæðisláni um tólf prósent. Fjölskyldan í dæminu er þó heppin. Ef húsnæðislánið hefði verið myntkörfulán hefði það hækkað mun meira. Miðað við 25 milljóna króna árs-gamalt húsnæðislán í jeni og svissneskum franka hafa afborganir hækkað um 84 prósent eða nánast tvöfaldast.

„Hagur fjölskyldnanna er eins erfiður og hægt er í sextán prósentu verðbólgu með krónuna sem fellur jafn hratt og raun ber vitni. Skuldir heimilanna vaxa mjög hratt,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar, og leggur áherslu á að samfélagið í heild sinni ásamt ríkisvaldi og aðilum vinnumarkaðarins þurfi að finna lausn til að koma böndum á krónuna og verðbólgunu.

„Það er eina leiðin. Launahækkanir myndu veltast beina leið út í verðlagið þannig að það er ekki fær leið í augnablikinu. Við þurfum að ná böndum á þeim þjóðhagsstærðum sem við búum við. Gengi krónunnar leikur stóra hlutverkið. Ef engar lausnir finnast erum við í alerfiðustu málum sem við höfum upplifað í marga áratugi,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



**VERSLAÐ Í MATINN** Matur og aðrar dagvörur hafa hækkað um 16.500 krónur á mánuði á einu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FIMM MANNA FJÖLSKYLDA

Hjón með þrjú börn, tvö í leikskóla og eitt í yngri bekkjum, búa í Reykjavík. Einn bíll er á heimilinu og fjölskyldan býr í 120 fermetra íbúð í blokk. Heimilið er með heimasíma, internettingu og þrjá farsíma auk áskriftar að Stöð 2. Hjónin skulda húsnæðislán í íslenskum krónum og erlent bílalan.

	Óktóber 2007	Óktóber 2008	Breyting í krónum	Breyting %
Húsnæðislán	147.000	164.000	17.000	12
20 milljónir króna tekið í janúar 2005 með 4,15 prósentu föstum vöxtum til 25 ára. Eftirstöðvar nú 22,3 milljónir króna.				
Erlent myntkörfulán	146.000	269.000	123.000	84
25 milljónir króna íbúðalán tekið í svissneskum franka og japönskum jenum í ágúst í fyrra. Höfuðstóll nú 48 milljónir króna. (hækkun höfuðstóls 84%).				
Bílalan	19.000	32.000	13.000	68
1,2 milljónir í japönskum jenum og svissneskum franka. Eftirstöðvar nú 1,8 milljónir.				
Matur og aðrar dagvörur	80.000	96.500	16.500	21
Sími og internet	10.000	10.580	580	6
Bensín	23.000	30.000	7.000	30
Dagvistargjöld	26.820	26.878	58	0
Tvö börn á leikskóla í Reykjavík í átta stunda vistun og fullu fæði				
Fristundaheimili	10.515	10.515	0	0
Skólamatur	5.712	5.712	0	0
Sjónvarp	8.240	8.990	750	9
Áskriftargjöld fyrir RÚV og Stöð 2				
Rafmagn	4.790	5.300	510	11
Heitt vatn	2.435	2.605	170	7
Fasteignagjöld	8.740	9.690	950	11
Tryggingar	10.000	11.500	1.500	15

## FÓLKI RÁÐLAGT AÐ SLAKA Á

Aukning er á hjálparbeiðnum vegna spennunnar sem hefur verið að skapast í samfélaginu. Hafliði Kristinnson fjölskylduráðgjafi segir að óvissa og kvíði skapi mestu spennuna. Hann ráðleggur fólki að slaka á, skoða hvaða upplýsingar

séu fyrir hendi og hverjar ekki og hvernig málin raunverulega standa. Nú sé líka frábær tími til að skoða í hverju raunveruleg verðmæti séu fólgin og rækta tengsl við fjölskyldu, börn og vini.

# Ekki bíða

Komdu við hjá næstu hjólbarðapjónustu N1. Þannig sleppur þú við allar bíðarir þegar snjórinn kemur.



N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

WWW.N1.IS



# LAGERÚTSALA

Heilsudýnur  
Stillanleg rúm  
Náttborð  
Gaflar  
Kommóður  
Og vörur úr

HÚSGÖGNIN  
**HEIM**

Smávara  
Jólavara  
Skápar/Skenkar  
Borð  
Ljós og fleira

Allt að  
**80%**  
afsláttur

Takmarkað magn

Kletthálsi 13  
opið 10-18 virka daga  
12-15 á laugardögum  
Sími 660 0035



Svefn & heilsa





**KÚRDAKRÓFUR** Stúlka úr hópi stuðningsmanna hins fangelsaða leiðtoga herskára Kúrda, Abdullah Öcalan, sýnir sigurmerki á mótmælafundi í Istanbúl í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Lýðheilsustöð: Námskeið í tóbaksvörnum

**HEILBRIGÐISMÁL** Lýðheilsustöð stendur 13. og 14. nóvember næstkomandi fyrir námskeiði í tóbaksvörnum fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Í tilkynningu segir að námskeiðinu sé ætlað að veita heilbrigðisstarfsfólki hagnýta þekkingu og kunnáttu í að aðstoða fólk við að hætta að nota tóbak. Þá verða kynntar nýjungar í tóbaksvörnum og faraldsfræði tóbaksnotkunar auk þess sem farið verður yfir helstu þætti tóbaksvarna. Námskeið Lýðheilsustöðvar er í samstarfi við Landspítalann, Félag íslenskra lungnalækna, Félag heimilislækna, Félag hjúkrunarfræðinga, fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga og Tannlæknafélag Íslands.

- ovd

# Verktaka við Sæmundarskóla gert að staðgreiða allt

Litháíska verktakafyrirtækið Adakris fær ekki bankaábyrgðir hér á landi eða erlendis vegna kreppunnar og verður því að staðgreiða vörur. Samiðn telur að með þessu séu 120 ársverk flutt úr landi.

**FRAMKVÆMDIR** Litháíska verktakafyrirtækið Adakris hefur lent í vandræðum með framkvæmdir við Sæmundarskóla í Reykjavík vegna efnahagsástandsins hér á landi. Adakris fær ekki bankaábyrgðir vegna bankakreppunnar og verður að staðgreiða allar vörur. Þá hefur gengisþróunin verið óhagstæð.

„Við vitum að þeim hefur gengið illa að fá fyrirgreiðslu hér á landi í ljósi efnahagsástandsins. Þeir fá ekki bankaábyrgðir þannig að þeir þurfa að staðgreiða allar vörur,“ segir Hrólfur Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Reykjavíkurborg.

„Við vitum af erfiðleikum verktakans að standa við samninginn sökum þess efnahagsástands sem upp er komið, bæði vegna gengisskráningar og eins vegna þess að þeir fá ekki fyrirgreiðslu í bönkum og þurfa því að staðgreiða vörur,“ segir hann.

Hrólfur kannast við að óánægja sé meðal íslenskra verktaka með samninginn við Adakris. Aðeins munaði um 30 milljónum króna á tilboðum verktakafyrirtækisins Ris og Adakris í Sæmundarskóla en munurinn á lágsta og næstlágsta tilboði nam 200 milljónum króna í Norðlingaskóla. Hann segir að litháíska fyrirtækið segist geta staðið við samningana.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að með þessum samningum hafi



**UPPSTEYPAN AÐ HEFAST** Borgaryfirvöld hafa samið við litháíska verktakafyrirtækið Adakris og er steypuvinna við Sæmundarskóla hafin. Adakris hefur mætt andstreymi hér á landi, ekki bara óánægju íslenskra verktaka heldur líka óhagstæðri gengisþróun og bankakreppu. Fyrirtækið hefur orðið að staðgreiða allar vörur þar sem bankaábyrgðir hafa ekki fengist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



ÞORBJÖRN  
GUÐMUNDSSON



HRÓLFUR  
JÓNSSON



ÁGÚST  
SNÆBJÖRNSSON

borgarstjórn ákveðið að flytja 120 ársverk í byggingariðnaði úr landi. Samiðn hafi krafist þess að verklegar framkvæmdir verði unnar af íslenskum verktökum. Félagið hafi áhyggjur af því að fyrirtækið verði fyrst og fremst með starfsmenn frá Litháen og ekki verði farið að reglum á íslenskum vinnumarkaði.

Ágúst Snæbjörnsson, fulltrúi Adakris, segir að Adakris sé í viðskiptum við Den norske Bank, DnB, og bankaábyrgðir hafi ekki fengist, hvorki frá Noregi né hér á landi. Gengisþróunin hafi verið óhagstæð en fyrirtækið viti af áhættunni og vilji samt standa við gerða samninga. Greiðslur að utan séu fastar í kerfinu. Fyrirtækið

hafi þurft að staðgreiða fyrir vörur og brugðist við því með því að flytja inn byggingaefni. Nokkrir gámar séu þegar á leiðinni. Ágúst segir að íslenskir starfsmenn verði í meirihluta, erlendir starfsmenn verði kannski 40-45 prósent. Tilboð félagsins hafi verið lægst þar sem efnid verði flutt inn. ghs@frettabladid.is

**Kastljós** ÞÁTTUR SEM VITNAÐ ER Í

## Bjarga svissneskum bönkum: Stjórnvöld kaupi eiturvafninga

**VIÐSKIPTI** Stærsti banki Sviss, UBS, hefur neyðst til að leita neyðaraðstoðar frá svissneskum stjórnvöldum til bjargar með nýju hlutafé og kaupum á „eitruðum“ skuldvafningum tengdum bandarískum undirmáslánum.

Hvað kostar eignin mín? • Kíktu á www.fold.is • Eða hafðu samband í síma 552 1400/694 1401



**STÓRBORG**  
fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

**Vöruhús til sölu - 1000 fm**  
**75 þús. per fm**

Erum með í einkasölu mjög gott atvinnuhúsnæði á Keflavíkurlflugvelli.

Mikil lofthæð. Innkeyrsludyr.

Laust fljótlega.

Upplýsingar gefur Stefán Hrafn hdl.

Sími 823-2610

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali

Jarðir - Land - Framleiðsluréttur - Hesthús - Frístundahús

# jarðir.is

Magnús leóaldsson, löggiltur fasteignasali - Sími 550 3000

Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið









herbalife.com

HERBALIFE  
WFF  
FAMILY FOUNDATION

**HERBALIFE.**



*Skynsamleg  
næring*

**Ragna Ingólfssdóttir**  
Íslandsmeistari í badminton



**HERBALIFE**  
sjálfstæðir dreifingaraðilar

STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON RÁÐHERRA LÉST PENNAN DAG ÁRIÐ 1980.

„Gagnrýnislaus bjartsýni er oft hættuleg. Einsýn bölsýni er síst betri.“

Stefán Jóhann var lögfræðingur að mennt. Hann sat í ótal stjórn-um og nefndum, var félagsmálaráðherra um tíma, síðan utanríkisráðherra og enn síðar forsætis- og félagsmálaráðherra.



PETTA GERÐIST: 20. OKTÓBER 2006

## Stórmyndin Mýrin frumsýnd

Íslenska kvikmyndin Mýrin var frumsýnd í öllum betri kvikmyndahúsum landsins þennan dag árið 2006. Hún var gerð eftir samnefndri sögu Arnalds Indriðasonar sem notið hafði mikilla vinsælda frá því hún kom út aldamótaárið 2000. Baltasar Kormákur var leikstjóri myndarinnar og hófust tókur á henni í mars árið 2006. Þær fóru aðallega fram á Reykjavíkursvæðinu, í Sandgerði og Grindavík.



urinn Erlendur er kallaður til í Norð-urmyrina. Þar hefur roskinn maður fundist myrtur og í skúffu er mynd af fjögurra ára gamalli stúlku sem tengist miklum fjölskylduharmleik. Ingvar E. Sigurðsson skilaði Erlendi á hvíta tjaldíð og fleiri stjórnuleikarar komu við sögu. Tónlistin var eftir Mugison. Myndin fékk strax lofsamlega dóma og þótti framúrskarandi. Framleiðendur hennar voru Agnes Johansen, Lilja Pálmadóttir og Baltasar Kormákur.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is

## AFMÆLI




**KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR**, fyrrverandi alþingismaður, er 69 ára.



**ÁSTRÍÐUR THORARENSEN** hjúkrunarfræðingur er 57 ára.



**MARÍA SIGURÐARDÓTTIR** leikhússtjóri er 54 ára.



**SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR** rithöfundur er 55 ára.

## Hjólareinar merktar

Merkingar á hjólastígum standa nú yfir vestan Suðurgötu, í Skerjafirði. Slíkar merkingar verða einnig settar á næstunni á Langholtsveg og Laugarásveg. Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar hefur undanfarið unnið að

því að bæta aðstæður fyrir þá sem vilja nota reiðhjólíð sem samgöngutæki.

Tvöföldun Ægisíðustígs er langt komin en þar verða sérreinar fyrir hjólandi og gangandi til að greiða þeirra samgöngur.



**HJÓLREIÐAFÓLK** Breytingarnar munu eflaust hvetja fleiri til reiðhjólnotkunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðlaug Pétursdóttir Kjerúlf**

áður til heimilis að Laugarnesvegi 80, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 11. október. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 22. október kl. 13.00.

Þórunn Kjerulf Ivey  
Vilborg J. Kjerulf  
Ásta Haraldsdóttir  
Hafdis Ágústsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

David P. Ivey  
Jens Nielsen  
Hjálmar Sveinsson



**FORSTJÓRINN** „Ég er maður gamaldags riddaralegra hefða. Kem hreint fram, stend fyrir mínu og fell með mínu liði ef svo ber undir,“ segir Steinþór Skúlason.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STEINÞÓR SKÚLASON, FORSTJÓRI SS: FIMMTUGUR Í DAG

## Miklar taugar til landsins og alls þess sem íslenskt er

„Afmælishaldið verður í anda efnahagsástandsins. Það verður lágur prófíll á því. Ég verð bara með nánustu fjölskyldu og læt eitthvað stærra biða þar til komin er betri tíð með blóm í haga,“ segir Steinþór Skúlason sem fagnar fimmtugsafmæli í dag. Hann hefur stýrt Sláturfélagi Suðurlands síðan 1988 og var framleiðslustjóri þar áður. Því liggur beint við að spyrja í byrjun hvort hann sé uppalinn við landbúnað.

„Ja, ég var í sveit í mörg sumur á Vindheimum í Skagafirði og síðar eitt sumar á Snæfellsnesi, þannig að ég hef miklar taugar til landsins og þess sem íslenskt er.“

Þótt Steinþór reki gláður ættir sínar út fyrir malbikið bæði í Borgarfjörð og Skagafjörð er hann fæddur og uppalinn á höfuðborgarsvæðinu. „Ég var svo lánsamur að alast upp í Eskihlíðinni til ellefu ára aldurs,“ segir hann, inntur eftir æskuslóðunum. „Á þeim tíma var Óskjuhlíðin algerlega óbyggð og mikið ævintýrasvæði fyrir unga drengi. Í blokkinni minni bjuggu þá Jónas Jónasson útvarpsmaður, Jakob Frimann

Stuðmaður og margt fleira gott fólk. Í næstu blokk var svo Eyþór Gunnarsson Mezzoforte-maður. En ég flutti ellufu ára í Garðabæinn, eða Garðahrepp eins og sveitarfélagið hét þá, og fjölskyldan settist að á Flötunum. Þar var líka skemmtilegt umhverfi, Heiðmörkin og heilmikið óbyggt svæði.“

Fyrst Steinþór nefnir fjölskylduna er forvitnast nánar um hana. „Foreldrar mínir eru Ólöf Sigurðardóttir og Skúli Brynjólfur Steinþórsson og ég á tvær systur, þær Ólöfu Rún og Brynju Sif. Svo á ég yndislegar þrjár dætur, Snædís, Hildi og Steinunni,“ upplýsir hann.

Næst er hugað að skólagöngunni. „Ég fór í MR, þann gamla góða skóla og átti þar yndislegan tíma. Það er svo gaman að þeim hefðum sem þar ríka. Ég var á edlisfræðibraut og eftir það fór ég í vélaverkfræði í Háskólanum og síðan iðnaðarverkfræði í Bandaríkjunum. Það nám allt kemur sér vel í svona tæknivæddu umhverfi eins og ég er í og hentaði mjög vel í þann starfsferil sem síðan varð.“

Áhugamálin eru æði mörg að sögn

Steinþórs og hann nefnir boltaíþróttir, svifflug og skotfimi. Einnig lestur góðra bóka og ekki síst dulspeki. „Dulspekin er ein af mínum mörgu áhugamálum,“ segir hann. „Hún spannar í raun tilveruna í allri sinni dýrd og ef þú spyrð mig hvort ég trú á líf eftir dauðann svara ég því til að þetta sé lífið eftir síðasta dauða og fyrir þann næsta.“

Að Steinþór hafi komist á rétta hillu í lífinu telur hann líka að einhverju leyti forlög. „Ég held að hin stóru atvik í lífinu séu að einhverju leyti skrifuð í forlagabók manns,“ trúir hann blaðamanni fyrir. „Ég hef verið lánsamur að fá spennandi verkefni að glíma við og að vera með fólk sem hefur haft trú á mér. Ég hef líka fengið tækifæri til að læra af mínum mistökum og það er mikið lán,“ segir hann og bætir við. „Ég er maður gamaldags riddaralegra hefða. Kem hreint fram, stend fyrir mínu og fell með mínu liði ef svo ber undir. Ég trú því að lífið sé skóli og manni sé ætlað að læra af því sem maður gengur í gegnum.“

gun@frettabladid.is

## Mæta aukinni umferð

Framkvæmdir við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík eru í fullum gangi en gert er ráð fyrir að fyrsti hluti byggingarinnar, um 22.00 fermetrar verði tekinn í notkun í ágúst á næsta ári. Seinni hlutinn, sem telur 14.000 fermetra, verður svo tekinn í notkun í ágúst 2010.

Alls eru 3.030 nemendur

skrúðir til náms á yfirstandandi haustönn en búist er við að nemendur telji 3.200 manns þegar öll starfsemi skólans verður komin í Vatnsmýrina árið 2010.

Til að mæta aukinni umferð nemenda, kennara og starfsfólks er unnið að lagningu nýs vegar frá háskólabyggingunni að Hótel

Loftleiðum. Að auki verður nýr vegur, svokallaður Hlíðarfótur, lagður frá Hótelinu niður að Hringbraut. Þá verða lagfæringar gerðar á Flugvallarvegi, frá Bústaðavegi að Hótelinu. Samkvæmt upplýsingum frá Háskólanum í Reykjavík er gert ráð fyrir að þessar götur anni umferð á háskólasvæðinu.



**FRÁ NAUTHÓLSVÍK** Nýbygging Háskólans í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

erum og verðum

# ALLT AÐ ÖDÝRARI



## INTEL TÖLVA 4

- Intel Core 2 Duo E8400
- 4GB DDR2 XMS 800MHz
- 640GB WD SATA II - 16MB
- 512MB Geforce NX9600GT
- Vista Home Premium



**129.950**

### TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD Sempron LE1150
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA II WD
- 256MB Geforce 6100
- 10/100 netkort



**29.950**

### TURNUPPFÆRSLA 4

- Athlon 64 X2 5200+
- 4GB DDR2 XMS 800MHz
- 640GB SATA II WD
- 384MB Geforce 9600GSO
- 10/100/1000 netkort



**89.950**

### UPPFÆRSLA B

- Intel Core2Duo E2180
- 2GB DDR2 667MHz minni
- MSI móðurborð
- Geforce 7100 skjákort
- Dolby 7.1 hljóðkort



**26.950**

### UPPFÆRSLA C

- Athlon 64 X2 4800+
- 2GB DDR2 667MHz minni
- MSI móðurborð
- Geforce 8600GT skjákort
- Dolby 7.1 hljóðkort



**42.950**

## LOGITECH EX 110



Svart þráðlaust lykklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og optical mús, PS2 og USB tengi



**6.450**

## LOGITECH X-240



Logitech X-240 - Svart 2.1 hátalarakerfi með 25W RMS, 2 öflugir hátalarar og stórt bassabox



**6.950**

## CREATIVE LIVE CAM VIDEO



Creative Live Cam Video IM Pro flott vefmyndavél með video FX tækni, heyrnatól og hlóðnemi fylgja



**3.950**

## VÍRUSVÖRN



BitDefender Internet security inniheldur m.a. veiruvörn, eldvegg og ruslpósti



**3.950**

## INTEL TÖLVUPAKKI 1



- Intel Core2Duo E2180
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB WD SATA II
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer LCD skjár



**109.950**

## ACER ASPIRE ONE BLUE



- 1.6GHz Intel Atom N270
- 512MB DDR2 533MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 8.9" WideScreen skjár
- Aðeins 1 kg



**62.950**

## 500GB ICYBOX MP 303



500GB RaidSonic ICY BOX MP303 margmiðlunar-spilari flott fjarstýring fylgir með



**29.950**

## 500GB ICYBOX MP3010



500GB RaidSonic ICY BOX MP3010 spilari og upp-tökutæki, USB Hoste, netkort, kortalesari og fjarstýring



**39.950**

## WD 500GB MYBOOK 2



500GB My Book utaná-liggjandi diskur frá WD tengist í USB2. Tilbúin til notkunar.



**16.750**

## WD 160GB PASSPORT



Litill og nettur utaná-liggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunar, fæst í svörtu, hvítu og bleiku



**12.750**

## 4GB MINI MINNISLYKILL



4GB Corsair Flash Mini höggeldur minnislykill frá Corsair með 10 ára ábyrgð Einn sá allra minnsti



**3.750**

## LITE ON DVD SKRIFARI



Lite-On DX-8A1H örþunnur svartur utaná-liggjandi skrifari 8x DVD R±R/RW, DL 12x með hugbúnaði



**12.950**

# @tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 750 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Átt þú  
viðskiptahugmynd?

## Stofnun og rekstur fyrirtækja

Námskeiðið hefst 1. nóvember

Nánari upplýsingar og skráning hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í síma 522 9000 og á vefsíðu okkar [www.nmi.is](http://www.nmi.is).



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

Impra frumkvöðlar og sprótar



Skipulags  
stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.br.

**Aksturs- og skotæfingarsvæði í Kapelluhrauni, Hafnarfjarðarbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 18. nóvember 2008.

Skipulagsstofnun

marjal international 1979

30 years experience has made us...  
... "as safe as houses"

MARJAL BEACH RESIDENTIAL

Come and meet  
the Property Professionals

Pablo Lucero

Saturday 25th - Sunday 26th Oct.  
12:00 - 19:00 h  
Hotel Reykjavik Centrum  
Adalstraeti 16

Marjal International:  
Avda. Madrid, 28 • Guardamar  
Alicante • Spain

[www.marjal.com](http://www.marjal.com)  
sales@marjal.com • Tel: 0034 96 672 68 10



**NOKKUR ORÐ**  
Vigdís Þor-  
móðsdóttir

## Unnið fiskmeti, þynnt með vatni

Fyrir rúmri viku birtist auglýsing á síðum Fréttablaðsins sem markaði nokkur tímamót í neyslumálum þjóðarinnar.

Auglýstur var niðursöðinn fiskibúðingur frá Ora, fitusnaður og ódýr. Búðingnum hafði verið stillt upp til myndatöku og leit hreint ekki svo illa út. Sambærileg auglýsing fyrir Ora-fiskibollur úr dós getur varla verið langt undan.



Auglýsingin vakti eflaust minningar úr djúpsvefni í huga fjölda Íslendinga. Fyrir um það bil tuttugu árum borðaði þjóðin niðursöðin fiskmeti reglulega. Einnig medister-pylsur og bjúgu og kjötfars. Tómatsoða bragðbætti allt saman. Svo hóf framandi matvara frá fjarlægum heimshornum innreið sína og þá fór ódýr matur að þykja bæði hallærislegur og bragðvondur. Nú borðar fólk taflenskan eða indverskan eða

sushi í kvöldmat og það þykir glæpur gegn smekkvísinni að játa dálæti sitt á sperðlum eða dósamat.

Matur sem á rætur sínar að rekja til miðbiks tuttugustu aldar hefur sum sé nánast algerlega horfið af borðum landsmanna í upphafi þeirrar tuttugustu og fyrstu. Ævafor matur hefur aftur á móti haldið vinsældum sínum að mestu; þannig hefur fólk verið óhrætt við að taka sér frá frá nútímanum til þess að slafra í sig þorra-mat, en aðeins einu sinni á ári. Nú er loksins útlit fyrir að hræðóyr og háunnin matvara hljóti umþreins æru á ný eftir fjölda ára í eyðimörkinni. Framvegis verður maður litinn hornauga og fordæmdur sem ónærgætinn fjárglæfamaður segist maður splæsa reglulega í pestó og parmesan. Héðan í frá verður eini ásættanlegi pastabragðbættirinn tómatsoða úr flösku. Þynnt með vatni.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> ELDAR Í MATREIÐSLUÞÆTTI

Victoria Beckham hefur samþykkt að koma fram í matreiðsluþætti hjá sjónvarpskokkinum og góðvini sínum Gordon Ramsey. Victoria er því ein af stjórnunum sem verða í þáttum Ramsey, þar sem hann kennir bresku þjóðinni að elda á sjónvarpsstöðinni Channel 4. Fyrrum kryddpían hefur þegar reynt fyrir sér sem söngkona, fyrirsæta og fatahönnuður, en nú ganga sögur þess efnis að hún vilji gera sinn eigin matreiðsluþátt.



# Undrast ekki dræma aðsókn

Þrátt fyrir góða dóma hafa aðeins um fimm hundruð manns séð kvikmyndina The Amazing Truth About Queen Raquela síðan hún var frumsýnd um síðustu helgi. Á sama tíma hafa Íslendingar flykkst í þúsundatali á Reykjavík Rotterdam, The House Bunny og bandaríska spennutryllinn Righteous Kill.

Leikstjórinn Ólafur Jóhannesson segir aðsóknina alls ekki hafa komið sér á óvart. „Það var vitað mál að þetta yrði eins og með Afríka Utd. Það er þröngur hópur sem þetta fjallar um og svo er þetta ekki það sem kallast iðnaðarmynd. Þetta er bara sætt, lítið kríli,“ segir Ólafur.

Afríka Utd. var heimildarmynd í leikstjórn Ólafs og sáu hana um þúsund manns. Queen Raquela, sem fjallar um

stelpustráka frá Filippseyjum, er aftur á móti öðruvísi mynd. „Hún er í rauninni blanda af öllu, heimildarmynd, leiknu og öðru. Hún er ákveðinn bastardur, svona transsexual mynd,“ segir hann.

Ólafur kippir sér lítið upp við áhorfstölurnar hér heima. „Það er eins og það er. Fólk er kannski hrætt um að vera stimplað, ég veit það ekki. Þannig er þetta bara með flestar neðanmáls

„artí“ myndir. Þetta skiptir svo sem ekki miklu máli því myndin er búin að seljast mjög vel erlendis.“

Á næstunni verður myndin sýnd í Serbíu, Grikklandi og Póllandi, auk þess sem fleiri lönd bætast við á næstu mánuðum. Ólafur lætur því engan bilbug á sér finna þrátt fyrir þessa dræmu aðsókn í heimalandinu.



ÓLAFUR JÓHANNESSON Ólafur segir dræma aðsókn á mynd sína The Amazing Truth About Queen Raquela ekki hafa komið sér á óvart.

# fólk

folk@frettabladid.is



Lay Low spilaði lög af sinni nýjustu plötu, Farewell Good Night's Sleep.



Mugison var í góðra vina hópi í Fríkirkjunni, eða þeirra Adams Lewis, Pauls Sullivan og Ariels Hyatt.



Pau Paul og Paulette létu sig ekki vanta á tónleikana.

Vinkonurnar Sigrún og Þórunn hlýddu á Lay Low syngja lög af sinni nýjustu plötu.

## LAY LOW Í FRÍKIRKJUNNI

Tónlistarkonan Lay Low hélt útgáfutónleika í Fríkirkjunni á dögunum til að fagna útkomu annarrar plötu sinnar, Farewell Good Night's Sleep. Fríkirkjan var að sjálfsgöðu troðfull af aðdáendum Lay Low og var gerður góður rómur að frammistöðu hennar. Tvö ár eru liðin síðan síðasta plata Lay Low, Please Don't Hate Me, kom út við frábærar undirtektir.

Lækkað verð á ýsuflökum með roði, aðeins 989 kr/kg

Opið í verslun mán - fös 08-18:30

Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga

**Gallery fiskur**

Opið í veitingahúsi mán - fös 11:30-15:00 fim - lau 18:00-22:00 [www.galleryfiskur.is](http://www.galleryfiskur.is)

Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882

Auglýsingasími

# 512 50 50

- Mest lesið

## Madonna hugsar bara um sjálfa sig

Guy Ritchie segir að gleðin í hjónabandi hans og Madonnu hafi löngu verið horfin. Ritchie og Madonna hafa verið gift í tæplega átta ár, en fyrir helgi varð skilnaður opinber og er áætlað að hann muni ganga í gegn fyrir júl.

Samkvæmt heimildum breska dagblaðsins Daily Mirror segist Guy, sem er fertugur, hafa viljað hefðbundið fjölskyldulíf, en það hafa orðið erfiðara eftir því sem árin liðu. Hann segir Madonna hafa misst allan húmor fyrir sjálfri sér og vera hugsjúka um ímynd sína út á við.

Madonna sem varð fimmtug á dögunum svaraði í sömu mynt. Hún segir Guy vera eigingjarnan og taka eigin áhugamál fram yfir fjölskylduna.



SEGIR MADONNU HUGSJÚKA Guy Ritchie segir Madonna hugsu um fátt annað en ímynd sína út á við og hafa misst allan húmor fyrir sjálfri sér undanfarið ár.



KEMUR 22. OKTÓBER

## Lítið frelsi á Óskarnum

Breski grínistinn Ricky Gervais segist óviss um hvort hann myndi taka að sér að verða kynnrir á næstu Óskarsverðlaunahátíð. Óttast hann að hann fengi ekki nægilegt frelsi í hlutverkinu.

„Ef ég fengi að leika lausum hala myndi ég gera það vegna þess að ég hef mjög gaman af því,“ sagði Gervais. Bætti hann því við að grínistinn Jerry Seinfeld hafi hafnað því að vera kynnrir vegna þess að enginn væri mættur á hátíðina til þess að hlusta á brandara, heldur til að sjá hvort þeir fengju Óskarinn. Gervais segir það engu að síður mikinn heiður ef honum verður boðið starfið og útilokar ekki að þiggja það. „Ég myndi án efa íhuga málið,“ sagði hann.

**NÝTT Í BÍÓ!**

HEIMSFROMSÝNING!  
MARK WAHLBERG  
**MAX PAYNE**  
MAGNADUR SPENNUTRYLLIRI!  
ENGIN MISKUNN. BARA SÁRSÁUKI!  
LUXUS

NICOLAS CAGE  
**BANGKOK DANGEROUS**

REYKJAVÍK-ROTTERDAM  
20% afsláttur af miðaverði sé greitt með greiðslukort Vildarklúbbs Gltimis.

THE WOMEN

SKJALDBAKAN & HÉRINN  
HERINN

HOUSE BUNNY

HAMLET

BURN AFTER READING

STEP BROTHERS

MAMMA MIA

PINEAPPLE EXPRESS

**SMÁRRÁBÍÓ** Sími 564 0000

MAX PAYNE	kl. 5.45D - 8D - 10.15D	16
MAX PAYNE LUXUS	kl. 5.45D - 8D - 10.15D	16
HOUSE BUNNY	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
BURN AFTER READING	kl. 8 - 10.15	16
MAMMA MIA	kl. 5.30	L
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 3.45	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.45	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3.45	L

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000 **650 kr.**

**ÓDÝRT Í BÍÓ!**

BANGKOK DANGER	kl. 5.30 - 8 - 10.20	16
HOUSE BUNNY	kl. 6 - 8.20 - 10.30	L
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45	12

**HÁSKÓLABÍÓ** Sími 530 1919

THE WOMEN	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
MAX PAYNE	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
HAMLET 2	kl. 10.15	7
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.40 - 8 - 10.10	14
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8	L

**BORGARBÍÓ** Sími 462 3500

MAX PAYNE	kl. 8 - 10	16
HOUSE BUNNY	kl. 6 - 10	L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 8	14
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 6	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **midi.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

**Nýtt í bíó**

LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE WOMEN

REYKJAVÍK-ROTTERDAM

SKJALDBAKAN & HÉRINN

ATH! 650 kr.

**SÝNINGARTÍMAR**

THE WOMEN	kl. 5.50, 8 og 10.10	L
SKJALDBAKAN OG HÉRINN	kl. 6 (650) - ISL-TAL	L
RIGHTEOUS KILL	kl. 6, 8 og 10	16
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 8 og 10	12

**SAMBÍÓINN**

TOPP GRÍNMYNDI  
AMERICAN PIE  
**SEX DRIVE**

MARK WAHLBERG  
**MAX PAYNE**  
MAGNADUR SPENNUTRYLLIRI!  
ENGIN MISKUNN. BARA SÁRSÁUKI!

REYKJAVÍK-ROTTERDAM

QUEEN RAQUELA

**ÁLFABAKKA**

SEX DRIVE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
SEX DRIVE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	VIP
MAX PAYNE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
PATHOLOGY	kl. 8 - 10:20	16
WILD CHILD	kl. 8	L
GEIMAPARNIR	kl. 6	L
TROPIC THUNDER	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚDKAUP	kl. 5:50	L

**SELFOSS**

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8	16
BABYLON A.D.	kl. 10:10	16
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 8 - 10:10	14

**AKUREYRI**

SEX DRIVE	kl. 8 - 10	12
RIGHTEOUS KILL	kl. 8	16
PATHOLOGY	kl. 10	16

**KEFLAVÍK**

SEX DRIVE	kl. 8 - 10:10	12
SMART PEOPLE	kl. 8	L
BURN AFTER READING	kl. 10	16

**KRINGLUNNI**

SEX DRIVE	kl. 6 - 8:10 - 10:20	12
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 8:10	L
HAPPY GO LUCKY	kl. 8	12
QUEEN RAQUELA	kl. 10:20D	12
DEATH RACE	kl. 10:20	16
JOURNEY 3D	kl. 6	L
WILD CHILD	kl. 5:50	L

TRAILERAR, LEIKIR, VEGGFÓÐUR OG FLÆRRA SKEMMTILEIG! MÆ ZINNNA Á

**SAMBIO.IS**



ALVÖRU POPPSTJARNNA Söngkonan Lovefoxxx fór fyrir CSS í Hafnarhúsinu. Þeir tónleikar voru hápunktur laugardagskvöldsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Magnað laugardagskvöld

Feitasta dagskráin á Air-waves-hátíðinni hefur yfirleitt verið á laugardagskvöldinu og árið í ár var þar engin undantekning og eins og oft áður var ljóst að nú þyrfti að velja og hafna.

Kvöldið byrjaði samt ekki vel. Ég var mættur tímanlega eins og nokkrir tugir annarra gesta til að hlusta á þýsku tónlistarkonuna Gudrunu Gut á Tunglinu. Húsið var opnað og áður auglýst dagskrá hékk á hurðinni en ekkert gerðist og salurinn beið og beið. Seinna kom í ljós að Gudrun hafði ekki komið til landsins. Auðvitað geta listamenn alltaf forfallast, en það er lágmarkskurteisi að láta tónleikagesti vita. Ekki flókin aðgerð að hengja upp auglýsingu eða tilkynna í hljóðkerfi. Manni finnst nú að eftir tíu ár ætti Air-waves að ráða við svo einfalt verkefni.

Á Nasa var hins vegar allt samkvæmt áætlun. Þar fóru strákarnir í Sudden Weather Change á kostum. Frábært band sem minnti svolítið á Sonic Youth með þriggja gítara framlinu. Á Tunglinu hélt hinn þýski Thomas Fehlmann uppi fínu stuði með dub-skotna teknóinu sínu, en eftir nokkur lög hjá honum var stefnan tekin aftur á Nasa til að hlusta á Singapore Sling. Sú sveit starfar í sínum eigin útúrsvala afkima og lætur strauma og stefnur ekkert slá sig út af laginu. Henni tekst einhvern veginn að halda sér siferskri og skilaði fínum tónleikum á laugar-



FLOTTIR FÆREYINGAR Boys in a Band dreifðu færeyska fánanum til áheyrenda sem kunnu vel að meta.

dagskvöldið. Á Tunglinu var Svala Björgvins skrydd gylltum vængjum og hljómsveitin hennar Steed Lord á fínu flugi. Rafpoppíð hennar er að verða hrárra og villtara. Það var heljarinnar biðröð fyrir utan Hafnarhúsið sem virtist þó ganga nokkuð hratt fyrir sig. Inni voru færeysku drengirnir í Boys in a Band með salinn á valdi sínu. Margir tónleikagestir hrópuðu „Færeyyjar! Færeyyjar!“ út í eitt og urðu ofsaglaðir þegar sveitin dreifði færeyskum fánam yfir salinn fyrir lokalagið. Ágætt rokk-band.

Næst var komið að brasilísku sveitinni CSS. Ég ákvað að færa mig fram að sviði til að sjá þau betur. CSS er greinilega mjög vel smurð tónleikasveit. Settið þeirra var sérstaklega vel upp byggt og söngkonan Lovefoxxx er greinilega ein af þessum stjörnum sem hefur þetta auka eitthvað sem skilur alvöru poppstjörnur frá okkur hinum. CSS var hreint frá-



SKEMMTILEGIR Vampire Weekend var vel tekið, áheyrendur þekktu lögina og sungu með.

bær, 50 fullkomnar mínútur sem náðu hámarki með lokalögnum Let's Make Love and Listen to Death From Above and Alala. Á eftir þeim tók New York-sveitin Vampire Weekend við. Hún er svolítið „bragð mánaðarins“ og á eina af bestu plötum ársins. Það er í raun aðdáunarvert hvað þeir félagar ná að búa til flotta tónlist með einföldum aðferðum. Bassaleikarinn er lykilmáður í bandinu. Það var greinilegt að salurinn gjörþekkti lögina og söng glaður með Skemmtilegt.

Á Tunglinu var allt stappað þegar hin franska Yelle steig á svið með aðstodarmanni. Sérlega danssvænt og fjörlegt rafpopp þar á ferð sem féll vel í kramið. Ég endaði svo kvöldið með FM Belfast á Nasa. Eitt stórt sveitt parti og 15 manns hoppandi og hlējandi á sviðinu þegar ég yfirgaf staðinn. Viðeigandi lokapunktur á fínu kvöldi.

Hápunktur: CSS

Trausti Júlíusson

Hlúðu að líkama og sál

Ingibjörg

Ægir

Gummi

Talya

Addý

Ashtanga vinyasa yoga ~ byrjenda og framhaldstímar  
Vinyasa yogaflaði ~ byrjenda og framhaldstímar  
Yogaflaði ~ byrjendanámskeið með Billa  
Yoga nidra ~ djúpslökun  
Hatha yoga ~ mjúkir og rólegir tímar  
BlessStress  
Bakmeðferð með yoga  
Erlendir gestakennarar

**yoga shala**

www.yogashala.is  
Engjateig 5, 2.hæð  
sími 5530203





MEÐ FRJÓTT ÍMYNDUNARAFL Sveinbjörn selur nú fjögur folöld sem hann nefndi Kreppu, Krappa, Djörfung og Dád. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Selur kreppufolöld

„Mér datt þessi nöfn allt í einu í hug og nefndi folöldin bara í hvelli,“ segir Sveinbjörn Benediktsson, fyrrverandi hrossabóndi, sem selur folöldin Kreppu, Krappa, Djörfung og Dád á 60 þúsund krónur hvert.

„Eitt árið nefndi ég öll folöldin með nöfnum sem byrja á D og einhvern tíma nefndi ég eftir heimsþekktum tónlistarmönnum. Ég hef frekar frjótt ímyndunarafl og útbý stundum svona skemmtilegar auglýsingar að fólk finnst. Mestu viðbrögðin fékk ég þegar ég auglýsti 101 hross til sölu, því fólk skildi ekkert í þessu eina hrossi. Ég var stórhrossabóndi í eina tíð en vinn

nú hjá byggingafyrirtæki í bænum. Ég á ekki nema sex merar eftir og þetta eru fallegustu folöldin,“ útskýrir Sveinbjörn sem kveðst þó aldrei hafa fengið eins lítill viðbrögð við auglýsingum sínum og nú.

„Það er allt gjörsamlega dautt. Það er samdráttur í öllu og ég hef aldrei fengið eins lítill viðbrögð. Ég er 64 ára gamall og hef aldrei horft upp á svona slæma þróun í peningamálum, sem snertir öll heimili í landinu. Það bjargar mér bara að ég er frekar bjartsýnn og brosmildur, annars væri ég sjálfsagt löngu dauður,“ segir Sveinbjörn að lokum og hlær.

- ag

## Gamlir og þreyttir

Það er ekki annað hægt að segja en að maður hafi hlakkað til að sjá stórleikarana Al Pacino og Robert De Niro leiða hesta sína saman á ný í Righteous Kill. Áður léku þeir saman í Heat og þar áður í The Godfather Part II, án þess að eiga eina einustu senu saman. Báðar fyrrnefndar myndir eru meðal bestu kvikmynda sem gerðar hafa verið.

Síðastliðin ár hefur hallað undan fæti hjá þeim félögum en þrátt fyrir það hefur maður haldið í vonina um að þeir sýni á ný gamla takta. Hvað þá að þeir sameini krafta sína.

Í Righteous Kill fara félagarnir með hlutverk reynslubolta í lögreglunni í New York og eru þeir á slóð fjöldamorðingja sem tekur lögin í sínar eigin hendur, nema að í upphafi myndarinnar viðurkennir karakter De Niros að hann sé fjöldamorðinginn – eða hvað?

Jon Avnet leikstjóri hér handriti Russell Gewirtz, sem skrifaði hina frábæru Inside Man. Ólíkt fyrrnefndri mynd er Righteous Kill fljótfærnislega gerð og flétta myndarinnar er hrikalega fyrirsjáanleg og hallærisleg. Það fer meiri tími í að sýna kynlífsþorsta karakter De Niros en sjálf morðin í myndinni.

Bæði Pacino og De Niro fara með ágætum með hlutverk sín þótt þeir



### KVIKMYNDIR

#### Righteous Kill

Leikstjóri: Jon Avnet. Aðalhlutverk: Al Pacino, Robert De Niro.

★★

Pacino og De Niro eru ágætir en myndin er slöpp.

..... séu þreyttir og ræfilslegir í þessum stöðluðu lögregluhlutverkum sem þeir hafa oft en tvisvar sinnum farið með áður. Vel heppnaðir frasar eru látnir fljúga og eru þeir hörðustu mennirnir á götunum.

Þetta tækifæri, að gera vandaða og góða mynd með Pacino og De Niro, hefur runnið úr greipum Avnets og Gewirtz. Þetta gæti hafa orðið fínasti spennutryllir þar sem hugmyndin í sjálfu sér er ekkert galin, en framkvæmdin er það svo sannarlega.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

## Sýna tvær nýjar myndir

Tvær nýjar heimildarmyndir um Sigur Rós verða sýndar í kvikmyndahúsinu Odeon í Covent Garden í London 10. nóvember. Sama dag kemur út í Bretlandi nýtt smáskífulag, Við spilum endalaust. Í fyrri heimildarmyndinni er hljómsveitinni fylgt eftir á ferðalagi um Ísland, London, Bandaríkin og Mexíkó. Í hinni síðari er fjallað um upptökur á laginu Árabátur sem var tekið upp í Abbey Road-hljóðverinu með aðstoð sextíu manna strengjasveitar og tuttugu manna kórs. Viðhafnarútgafa af plötu Sigur Rósar með myndunum tveimur og ljósmyndabók kemur svo út 17. nóvember. Fyrst heldur sveitin í tónleikaferð um Bretland sem hefst 4. nóvember.



SIGUR RÓS Tvær nýjar heimildarmyndir um Sigur Rós verða sýndar í London 10. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FINNST GAMAN AÐ ELDA David Beckham finnst gaman að elda og hvetur nú börn til að borða hollari mat.

## Beckham selur matvörur

David Beckham hefur hafið framleiðslu á matvælum í samstarfi við matvælafrirtækið Findus til að hvetja börn til að borða hollari mat. Sjálfur segist hann hafa mjög gaman af eldamennsku og hann og konan hans Victoria eldi reglulega.

Fótboltakappinn, sem er 33 ára, hefur áður verið gagnrýndur fyrir að auglýsa óhollan mat á borð við Pepsi og Walker's-kartöfluflogur, en nýju matvörurnar sem heita G03 eiga að innihalda Omega 3-olífu, heilheiti og grænmeti. Þar á meðal eru fiskifingur, eggjakökur og núðlur sem munu vera til sölu í kringum Wembley Stadium á meðan íþróttaleikir standa yfir.

## Djammaði með prinsum

Paris Hilton er sögð hafa skemmt sér konunglega síðastliðið miðvikudagskvöld þar sem hún sletti úr klaufunum með söngkonunni Christinu Aguileru og bresku prinsum William og Harry.

Hópurinn eyddi bróðurparti kvöldsins á skemmtistaðnum Whiskey Mist í London, þar sem Paris er sögð hafa reynt að fanga athygli Harry með djörfum dansi. Hann virtist hins vegar hafa meiri áhuga á kærustu sinni Chelsey Davy og Paris var ekki skemmt, endaði á því að taka í höndina á henni, standa upp og yfirgefa staðinn.



# 650 kr.

20 - 24. október fyrir MasterCard korthafa



MYND SEM ALLAR KONUR VERÐA AÐ SJÁ!

It's all about... THE  
**women**

MEG  
RYAN

ANNETTE  
BENING

EVA  
MENDES

DEBRA  
MESSING

JADA  
PINKETT SMITH

WITH BETTE  
MIDLER

AND CANDICE  
BERGEN



Lewis Hamilton keyrði best allra í Formúlu 1-keppninni í Kína í gær:

## Hamilton með pálmann í höndunum

**FORMÚLA 1** Bretinn Lewis Hamilton stendur gríðarlega vel að vígi í keppni ökumanna þegar aðeins ein keppni er eftir af tímabilinu. Hamilton sýndi mikla yfirburði í Sjanghæ í gær og bar sigurorð af hólmi í keppninni í Kína.

Hans helsti keppinautur, Felipe Massa, kom annar í mark en félagi hans hjá Ferrari, Kimi Raikkonen, gaf honum annað sætið í keppninni en Massa var lengstum í þriðja sæti.

Hamilton hefur eftir keppnina í gær sjö stiga forskot á Massa fyrir lokakeppnina sem fram fer í Brasilíu 2. nóvember næstkomandi. Sigurvegari hverrar keppni fær tíu stig og því nægir Hamilton fimmta sætið í Sao Paulo til að gulltryggja titilinn.

„Þetta var annað skref í átt að titlinum sem er draumur minn og liðsins,“ sagði Hamilton dreym-



inn. „Það verður engu síður erfið barátta í Brasilíu enda gefur Ferrari ekkert eftir,“ sagði Hamilton að lokum.

- hbg

**MEÐ AÐRA HÖND Á TITLINUM** Sigur Hamilton í Kína setur hann í kjöraðstöðu fyrir lokakeppnina.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meistaræfnin í KR ekki í neinum vandræðum með Íslandsmeistara Keflavíkur:

## Meistararnir skotnir í kaf

**KÖRFUBOLTI** KR vann auðveldan sigur á Íslandsmeisturum Keflavíkur, 92-73, í DHL-höllinni í gærkvöld.

KR-ingar hittu úr 18 þriggja stiga skotum í leiknum þar af 12 í fyrri hálfleik og gerðu svo gott sem út um leikinn í fyrri hálfleik þegar það munaði 18 stigum á liðunum, 55-37.

„Þetta var kannski ekki búið í hálfleik en við vorum komnir í góða stöðu. Það þurfti mikið að ganga á til að missa þetta niður. Það var fullt af atriðum sem ég var ánægður með í þessum leik en það var líka fullt af atriðum sem ég var óánægður með. Við fengum á okkur allt of auðveldar körfur en ég ætla ekki að tönnlast á því neikvæða því þetta var flottur sigur,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, í leikslok.

„Í síðasta leik hittum við afleiðlega og í dag fannst mér við stóla full mikið á skotin fyrir utan um tíma. Menn voru heitir og skutu því aðeins meira en venjulega. Við þurftum meira jafnvægi og keyra meira á körfuna.“

KR hefur haft mikla yfirburði í leikjum sínum í haust í deildinni og Powerade-bikarnum og virðist sem verkefni Benedikts, þjálfara KR, verði að halda mönnum niðri á jörðinni því fá lið ef nokkurt virðast eiga roð í KR.

„Maður veit eiginlega ekki hvernig mót maður er að fara út í. Svona er staðan í október en



**FINN LEIKUR** Jón Arnór Stefánsson sýndi lipra takta gegn Keflavík í DHL-höllinni í gær og skoraði 19 stig.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hvernig verður staðan í desember? Auðvitað er það krefjandi verkefni að halda mönnum á tánun en ég hef engar áhyggjur af hópnun. Eg hef meiri áhyggjur af því sem er í kringum þetta. Við erum ekkert sýningarlið. Menn koma hingað til að reyna að vinna okkur og láta okkur hafa fyrir því.

Keflavík er frábært lið og ég

veit ekki hvað eru margir landsleikjar þarna að baki og við unnum ekki þennan leik á erlendu vinnuafli. Það voru Íslendingar í aðalhlutverki. Við skömmumst okkar ekkert fyrir að vera með góða Íslendinga. Þetta eru strákar sem eru aldri upp herna og þetta félag bjó til. Menn geta ekki hengt okkur fyrir það,“ sagði Benedikt í leiklok.

- gmi

### Iceland Express-deild karla:

**KR-Keflavík** 93-72

**Stig KR:** Jakob Örn Sigurðarson 23, Helgi Már Magnússon 20, Jón Arnór Stefánsson 19, Fannar Ólafsson 11, Jason Dourisseau 9, Darri Hilmars-son 9, Hjalti Kristinsson 2.

**Stig Keflavíkur:** Gunnar Einarsson 17, Sverrir Þór Sverrisson 16, Sigurður Þorsteinsson 13, Jón Norðdal Hafsteinsson 10, Þróstur Jóhannsson 6, Hörður Axel Vilhjálmsson 6, Vilhjálmur Steinarsson 4.

**Tindastóll-FSU** 86-72

**Þór-Breiðablik** 95-71

Framarar komnir áfram í EHF-bikarnum í handbolta:

## Omni keyrt í kaf í síðari hálfleik

**HANDBOLTI** Framarar tryggðu sig inn í næstu umferð í EHF-bikarnum í gær með því að leggja hollenska liðið Omni Hellas að velli með ellefu marka mun, 33-22, í síðari leik liðanna. Fram vann fyrri leik liðanna einnig auðveldlega, eða með átta mörkum, og komst því örugglega áfram.

Framarar voru frekar daprir framán af og jafnt var með liðunum í leikhléi en í síðari hálfleik tóku Framarar öll völd á vellinum og hreinlega keyrðu hollenska liðið í kaf.

Rúnar Kárason var atkvæðamestur Framara með átta mörk og Davíð Svansson fór mikinn í markinu þar sem hann varði yfir 20 skot.

- hbg



**ÓSTÖÐVANDI** Rúnar Kárason átti enn einn stórleikinn fyrir Fram í gær og varnarmenn Omni réðu ekkert við hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SKJÁL-  
ANDI**

**HENRY BIRGIR ER MÆTTUR AFTUR OG LÆTUR ÞIG HEYRA ÞAÐ Á X-INU FRÁ KL. 13-14 ALLA VIRKA DAGA**

**ALLT SEM ÞÚ ÁTT AÐ VITA UM ÍÞRÓTTIR, HVORT SEM ÞÉR LÍKAR ÞAÐ BETUR EÐA VERR**

**EKKERT  
KJAFTÆÐI**

**X**  
97.7



## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 22.35

## Peep Show – lokapáttur

Lokapáttur þessarar sprenglæglegu bresku þáttaraðar sem tvívegis hefur unnið til bresku grínverðlaunanna. Þættirnir fjalla um félagana Mark og Jez, lánlausa lúða á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema vinskapi. Í þessum lokapátti kemst Mark loksins á síns þegar hann þarf að finna einhverja til að fara með sér í jarðarför frænda Jez. Hann býður því Sophie með sér og ætlar sér stóra hluti. En vandráðagangurinn á Jez – sem telur sig kominn með banvænan sjúkdóm – á vægast sagt eftir að gera þeim erfitt fyrir.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

## Kompás kl. 19.20

## Stöð 2 í opinni dagskrá

Var útrásin blekking og að stórum hluta tilfærsla eigna til útlanda? Fjöldi eignarhaldsfélaga Íslendinga í Lúxemborg á rætur í skattaskjólum Bresku-Jómfrúreyjanna. Fámennur hópur útrásarvíkinga á ofurlaunum er harðlega gagnrýndur fyrir að skilja eftir sig sviðna jörð. Kompás kannar málið í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.03 Útvarpssagan: Rigning í nóvember
06.40 Veðurfregnir	15.30 Heimsauga
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.10 Veðurfregnir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
08.30 Fréttayfirlit	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.02 Hádegisútvarp	22.07 Veðurfregnir
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.45 Veðurfregnir	22.15 Ársól
13.00 Vít og breitt	23.10 Kallfæri
14.03 Bak við stjómurnar	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (40:26) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks** (41:26)

**17.00 Seinfeld** (15:22)

**17.25 E.R.** (7:25)

**18.10 My Boys** (6:22)

**18.30 Happy Hour** (11:13)

**19.00 Hollyoaks** (40:26)

**19.30 Hollyoaks** (41:26)

**20.00 Seinfeld** (15:22)

**20.25 E.R.** (7:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

▶ **21.10 My Boys** (6:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

**21.30 Happy Hour** (11:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsselskum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

**22.00 Dagvaktin** (5:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremmenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

**22.25 Numbers**

**23.05 Fringe** (2:22)

**23.50 Kenny vs. Spenny** (6:13)

**00.15 Sjáðu**

**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## INN

**20.00 Hrafnaping** Ingvi Hrafn Jónsson tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar og fær til sín góða gesti.

**21.00 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún kafar ofan í sálarlíf gest síns.

**21.30 Ármann á alþingi** Umsjónarmaður er stjórnmálamaðurinn Ármann Kr. Ólafsson sem ræðir pólitík við gesti sína.

## DR 1

**11.15 Reimers** **11.55 OBS** **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.55** Skum TV **14.10** Angora by night **14.35** Naruto **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Alle vi børn i Bulderby **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Supernabo **18.00** Sex, magt og intriger **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Prinsessens mand i fjendeland **21.00** Hvor krageme vender **21.45** OBS **21.50** Seinfeld **22.15** Skilt

## NRK1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Barneny **12.30** Allo, Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Amigo **13.35** Keiserens nye skole **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Smá Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Faktor **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktnyheter **19.00** Dagsrevyen **21** **19.30** Sommer **20.30** Store Studio **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.45** Nytt på nytt **23.15** Kulturmytt

## SVT 1

**11.15** Olycksfågeln nr 13 **12.40** Andra Avenyn **13.10** Gormorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Skrotnisse och hans vänner **14.45** Pi **15.00** Lilla prinsessan **15.10** Rorri Racerbil **15.20** Jasper Pingvin **15.30** Krokodill **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturmyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Livet i Fagervik **18.45** Toppporm **19.15** Folk i bild 2008 **19.30** Hockeykväll **20.00** Family Meeting **21.25** Kulturmyheterna **21.40** Dansbandskampen **23.10** Sändningar från SVT24

# Fjörugt jólahlaðborð á Sögu

PIPAR • SÍA • 81945



Kvöldstund í Súlnasal hefst með rómuðu jólahlaðborði Hótel Sögu. Borðhaldið er svo fullkomnað með kostulegri skemmtidagskrá Arnar Árnasonar, Óskars Péturssonar og Jónasar Þóris. Að því loknu leikur hin ástsæla hljómsveit Saga Class fyrir dansi fram á rauða nótt. Jólahlaðborð, skemmtun og dans í Súlnasal Hótel Sögu.

Pantaðu borð núna í síma 525 9900. Nánari upplýsingar á [www.hotelsaga.is](http://www.hotelsaga.is).

## Radisson SAS Saga Hotel

Sími: 525 9900  
hotelsaga@hotelsaga.is  
[www.hotelsaga.is](http://www.hotelsaga.is)

## Jólahlaðborð með skemmtun og dansi í nóvember og desember:

21. nóv.	29. nóv.	12. des.
22. nóv.	05. des.	13. des.
28. nóv.	06. des.	

## Fyrirtæki, hópar og einstaklingar geta bókað 3ja rétta máltíð með skemmtun og dansi í nóvember:

01. nóv.  
08. nóv.  
15. nóv. örfá sæti laus.

**Radisson SAS**  
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK



Mikilvægasta  
máltíð  
dagsins



**BAKÞANKAR**  
Práins  
Bertelssonar

## Nýir tímar

Nornaveiðar eru sport sem felst í því að finna rosknar konur sem búa einar og fleygja þeim í dýflissur og pynta þær til að játa að þær hafi mök við makt myrkranna – og brenna þær síðan á báli.

**HÉR** loga nógir eldar og við þurfum ekki að kveikja fleiri, og þaðan af síður er ástæða til að brenna einn né neinn á báli. Hins vegar er fullkomin ástæða til að mótmæla því að íslenska þjóðin skuli hafa verið gerð gjaldþrota fjárhagslega og siðferðislega og orðstír hennar troðinn í svaðið.

**ÞAÐ** er kominn tími til að krefjast þess að þeir umboðsmenn þjóðarinnar sem ýmist sváfu á verðinum ellegar slógust í lið með þeim sem fengu útrás fyrir græðgi sína með því að gera árás á eigin þjóð verði látnir axla þá ábyrgð sem þeir þiggja svo há laun fyrir að bera. Það er greinilega til lítils að eiga dóbermannvarðhund ef maður þarf svo að gelta sjálfur, jafnvel þótt dóbermann-hundurinn heiti Dabbi og allir eigi að vera hræddir við hann.

**ÞAÐ** góða við að íslenska lýðveldið skuli hafa verið lagt í rúst er að nú getur loksins hafist uppbyggingarstarf. Við getum byggt hér upp það þjóðfélag sem okkur dreymir um og við getum orðið fyrirmynd annarra þjóða – en ekki aðhlátursefni. En til þess að svo megi verða þurfum við að skipuleggja okkur upp á nýtt og standa saman um að þeir sem brugðust okkur svo hrapallega og bera ábyrgð á því hvernig komið er komi ekki nálægt því að byggja upp hið nýja óspillta, réttláta, ráðvanda og ábyrga þjóðfélag sem byggir á frelsi einstaklingsins til þeirra athafna sem ekki skaða aðra og sameiginlegri ábyrgð einstaklinganna hver á öðrum.

**EF** við ætlum að byggja hér upp betra þjóðfélag getur fólkið í landinu engum treyst nema sjálfu sér fyrir því verki – og allra síst stjórnmalaflokkunum sem bera ábyrgð á núverandi ástandi. Ef við ætlum að byggja hér upp nýtt þjóðfélag er mál til komið að íslenska þjóðin vakni af sínum væra blundi. Það er mál til komið að Ísland vakni. Núna. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr eru komnir nýir tímar. Það er á valdi þjóðarinnar að ákveða hvort þeir tímar verða betri eða verri en þeir sem liðnir eru.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn  
20. október, 293. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.34	13.12	17.49
Akureyri	8.25	12.57	17.28

Heimild: Almanak Háskólans



**Apótekið**  
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

*Þú lægra verð*



# NISSAN NOTE

## EINSTAKLEGA RÚMGÓÐUR



### Nissan Note

Nissan Note hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir Note að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki.



### GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bilinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhófa 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940  
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON